FRÍTT

# FRÉTTABLAÐIÐ

247. TÖLUBLAÐ 17. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — FÖSTUDAGUR 20. OKTÓBER 2017



Föstudagsviðtalið

## Megum ekki tala niður menntakerfið

Logi, Þorgerður og Inga Sæland ræða menntakerfi framtíðarinnar, skattamál og ólíka sýn á málefni hælisleitenda. SÍÐA 12

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## Vildu sér verðskrá á Akureyri fyrir aðkomufólk

**AKUREYRI** Stjórn Akureyrarstofu vildi kanna þann möguleika að bjóða íbúum bæjarins sérkjör á þjónustu og keyra þar tvær aðskildar verðskrár. Bæjarlögmaður komst að þeirri niðurstöðu að með því að bjóða Akureyringum eina verðskrá og aðkomumönnum aðra væri líklega verið að mismuna fólki eftir búsetu.

Ástæða þess að Akureyrarbær óskaði lögfræðiálits er að sum sveitarfélög bjóða íbúum sínum sérkjör. Tvö sveitarfélög hið minnsta, Árborg og Vestmannaeyjar, reka aðskildar verðskrár og þar fá íbúar til dæmis sérkjör í sund.

Elliði Vignisson, bæjarstjóri í Vestmannaeyjum, segir af og frá að í Eyjum sé fólki mismunað eftir búsetu.

„Þessi mannvirki eru greidd með skattpeningum íbúa í Vestmannaeyjum. Hér er ekki verið að mismuna eftir búsetu. Það er öllum frjálst að flytja til Vestmannaeyja," segir Elliði.

„Niðurstaða lögfræðiálits bæjarlögmanns var að ekki væri hægt að mismuna fólki á þennan hátt eftir búsetu," segir Þórgnýr Dýrfjörð, deildarstjóri Akureyrarstofu. Í beiðni um lögfræðiálitið var meðal annars nefnt að nota mætti kortið í Hlíðarfjalli, Sundlaug Akureyrar, á Amtsbókasafninu, gámasvæði fyrir sorp, Iðnaðarsafninu og í almenningssamgöngum. – **sa**

### Fréttablaðið í dag

**MENNING** Risaeðlurnar hans Ragnars Bragasonar frumsýndar í kvöld í Þjóðleikhúsinu. **26**

**LÍFIÐ** Ljósmynd eftir Írisi Bergmann vakti athygli ritstjóra National Geographic. **34**

**PLÚS 1 SÉRBLAÐ ● FÓLK**

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015



## Veður




Suðlæg átt 5-13 m/s og skúrir, en hvassari og samfelld rigning austast á landinu fram yfir hádegi. Hiti 5 til 10 stig. SJÁ SÍÐU 24

# Gamli Iðnaðarbankinn jarðsunginn



Hópur fólks sem innihélt meðal annars arkitekta, tónskáld og myndlistarfólk hittist í byggingunni að Lækjargötu 12 í Reykjavík í gærkvöldi til að jarðsyngja fyrrverandi höfuðstöðvar Iðnaðarbankans sálugu. Lét hópurinn bygginguna ljóma og óma frá sex að kvöldi til miðnættis en hún er að mati meðlima hans einstök í sögu borgarinnar. Til stendur að byggja hótel á lóðinni á næstu árum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Tryggingafélag ráðlagði Glitni að fá lögbann

**VIÐSKIPTI** Framkvæmdastjóri Glitnis HoldCo segir ákvörðun um að fara fram á lögbann á fréttaflutning Stundarinnar og Reykjavík Media hafa verið tekna í samráði við tryggingafélag eignarhaldsfélagsins. Stjórnendur Glitnis hafi óttast mögulega skaðabótaskyldu eftir að þeir fengu í síðustu viku upplýsingar um umfang lekans þaðan og að gögnin vörðuðu þúsundir fyrrverandi viðskiptavina bankans.

„Þetta var gert til þess að tryggja félagið ef það koma fram einhverjar skaðabótakröfur frá þeim sem mögulega eru í þessum gögnum. Þetta eru upplýsingar sem við höfum og okkur skilst að þessi gögn hafi getað fengist keypt hjá einhverjum aðilum sem við þekkjum ekki til,“ segir Ingólfur Hauksson, framkvæmdastjóri Glitnis HoldCo, og svarar aðspurður að hann geti ekki greint frá nafni tryggingafélagsins sem sé breskt.

Sýslumaðurinn í Reykjavík samþykkti síðdegis á mánudag kröfu



Ingólfur Hauksson, framkvæmdastjóri Glitnis.

Glitnis um lögbann á fréttaflutning fjölmiðlanna tveggja sem byggist á gögnum innan úr fallna bankanum. Kom þá fram að fréttir Stundarinnar vikurnar á undan hefðu byggst á þeim en í þeim var fjallað um viðskipti Bjarna Benediktssonar forsætisráðherra, og fjölskyldu hans, á árunum fyrir hrun. Glitnir HoldCo hefur frest fram á mánudag til að höfða mál til staðfestingar á lögbanninu.

„Við höfum ekki upplýsingar um hvað nákvæmlega er þarna að finna. Ekki annað en að þarna er mikið af upplýsingum um viðskipti fjölda einstaklinga. Við höfum nú viku eða fram á mánudag, til að fá úrskurðinn staðfestan og það er það sem við munum gera,“ segir Ingólfur. – **hg**

# Vinna áfram að nýjum leikvangi

**SKIPULAG** Starfshópur verður skipaður til að velja milli þriggja hugmynda að þjóðarleikvangi í Laugardal. Þetta kom fram á blaðamannafundi KSÍ í gær.

Valið stendur á milli þess að verja hálfum milljarði í endurbætur á Laugardalsvelli, verja fimm milljörðum í völl með opnu þaki eða átta milljörðum í fjölnota völl með færanlegu þaki.

Viðræður milli ríkis, borgar og KSÍ um nýjan völl hafa staðið síðan í fyrrahaust. Ríkisstjórnin samþykkti á fundi í gær að áfram yrði unnið að undirbúningnum en það verði hlutverk næstu ríkisstjórnar að ákveða hvort af framkvæmdinni sjálfri verði. – **aá**

**»** **Afleiddar tekjur þjóðarbúsins vegna aukinnar ferðamennsku með tilkomu vallarins gætu numið 2,8 milljörðum.**

# Borgin lét 4,8 milljónir í hið meinta áróðursrit

**Borgarfulltrúi Sjálfstæðismanna segir vafa leika á því hvort borgarstjóri hafi mátt ráðstafa 4,8 milljónum í kynningarrit um húsnæðismál og uppbyggingu. Tímasetningin var ákveðin í vor þegar ekki var útlit fyrir kosningar á árinu.**

**REYKJAVÍK** Kynningarrit um húsnæðismál og uppbyggingu í Reykjavík, sem dreift var í hús í vikunni, kostaði borgina alls 4,8 milljónir króna. Minnihlutinn í borginni hefur gagnrýnt dreifingu bæklingsins harðlega og segir borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins að vafi leiki á því hvort Dagur B. Eggertsson borgarstjóri hafi haft heimild til að ráðstafa fénu með þessum hætti.

„Þetta er ansi há tala og það er klárt að það leikur vafi á því hvort borgarstjóri hafi haft heimild til að taka þessa ákvörðun. Það er svo augljóst að þetta var áróðursbæklingur, einkum og sér í lagi fyrir Samfylkinguna þar sem verið er að tala um uppbyggingaráform þeirra,“ segir Marta Guðjónsdóttir, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins.

Borgarfulltrúar Framsóknar og flugvallarvina og Sjálfstæðisflokksins lögðu fram bókun í borgarstjórn á þriðjudag þar sem útgáfa kynningarritsins var harðlega gagnrýnd. Bæjarfulltrúi Framsóknar og flugvallarvina sagði óviðunandi að meirihlutinn í borginni „misnoti nú aðstöðu sína korteri fyrir kosningar og dreifi auglýsingabæklingi um glærusýningar borgarstjóra“, eins og það var orðað í bókuninni. Sjálfstæðismenn óskuðu eftir upplýsingum um kostnað við það sem þeir kölluðu kosningabækling.

„Ellefu dögum fyrir alþingiskosningar, lætur Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri í Reykjavík, dreifa fjórutíu blaðsíðna riti á öll heimili í Reykjavík með áróðri um húsnæðismál sem eru eitt helsta kosningamálið í komandi kosningum. Gerðar eru alvarlegar athugasemdir



Dagur B. Eggertsson borgarstjóri er ásamt meirihlutanum sakaður um að hafa dreift kosningaáróðri í boði borgarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



Marta Guðjónsdóttir, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins.

við þessi vinnubrögð enda er með öllu ótækt að borgarstjóri noti almannafé í pólitískum tilgangi með slíkum hætti.“

Meirihlutinn benti þó á að upplýsingafundir um uppbyggingu íbúðarhúsnæðis í Reykjavík hafi verið haldnir árum saman og síðustu tvö ár hafi verið gefið út upplýsingaefni af því tilefni. Alþingiskosningarnar hefðu ekkert með þessa upplýsingamiðlun að gera.

Fréttablaðið óskaði eftir upplýsingum um kostnaðinn við prentun og dreifingu ritsins og fékk þær upplýsingar að prentun hafi kostaði 1.750 þúsund krónur og dreifing 640 þúsund. Þá fékk almannatengslafyrirtækið Athygli 2,4 milljónir fyrir skrif og uppsetningu. Alls 4.790.000 krónur.

Þá fengust þær upplýsingar hjá borginni að skrifstofa eigna- og atvinnuþróunar hafi látið vinna bæklinginn. Svipaður bæklingur hafi verið unninn í fyrra fyrir sama fund sem haldinn var á sama tíma og nú. Tímasetningin hafi verið ákveðin í vor og sömuleiðis kynningaruppleggið, þegar fátt benti til að gengið yrði til alþingiskosninga á árinu. **mikael@frettabladid.is**



得

# 100 ÁRA AFMÆLIS TILBOÐ

## Invite

- Margmiðlunartæki með skjá
- Leðurklætt aðgerðastýri fyrir útvarp, hraðastilli og Bluetooth
- USB tengi
- 6 hátalarar
- DAB+ (Digital Audio) útvarpstæki
- LED dagljós
- Regn- og ljósaskynjarar
- Rafdrifnar rúður
- Þokuljós að framan
- Hæðarstillanlegt bílstjórasæti
- 7 SRS loftpúðar
- ASTC spólvörn
- Brekkuaðstoð (Hill Start Assist)
- Rafmagnshandbremsa með sjálfvirkri biðstöðu
- Aflendurheimt á hemlum fyrir rafmótor
- AVAS hljóðviðvörunarkerfi
- Bakkmyndavél
- Samlitir, aðfellanlegir, rafstillanlegir og upphitaðir hliðarspeglar
- Lyklalaus ræsing
- Skyggðar afturrúður
- Hiti í sætum
- Hraðastillir
- 18" álfelgur 225/55 R18
- App tenging til að forhita bíl og stýra hleðslu
- Tvískipt miðstöð með forhitara




Outlander Invite PHEV 4x4
**4.390.000**
Verðlistaverð: 4.890.000

## Invite+

**Umfram Invite:**

- Smartlink margmiðlunartæki með tengingu fyrir Android Auto og Apple Carplay
- Hiti í stýri
- LED þokuljós
- LED aðalljós
- 360° myndavél




Outlander Invite+ PHEV 4x4
**4.590.000**
Verðlistaverð: 4.990.000

## Intense

**Umfram Invite:**

- MME margmiðlunartæki með íslensku leiðsögukerfi
- Hiti í stýri
- 8 fjarlægðarskynjarar í fram- og afturstuðara
- LED þokuljós
- LED aðalljós
- Neyðarhemlun til varnar aftanákeyrslum
- Fjarlægðartengdur hraðastillir
- Akreinavari
- Vöktunarkerfi að aftan (Rear Cross Traffic Alert)
- Blindhornaviðvörun
- 360° myndavél
- Rafdrifinn afturhleri




Outlander Intense PHEV 4x4
**4.890.000**
Verðlistaverð: 5.690.000

## Instyle

**Umfram Invite:**

- MME margmiðlunartæki með íslensku leiðsögukerfi
- Hiti í stýri
- 8 fjarlægðarskynjarar í fram- og afturstuðara
- LED þokuljós
- LED aðalljós
- HID aðalljós með sjálfvirkri hæðarstillingu
- Neyðarhemlun til varnar aftanákeyrslum
- Fjarlægðartengdur hraðastillir
- Akreinavari
- Vöktunarkerfi að aftan (Rear Cross Traffic Alert)
- Blindhornaviðvörun
- 360° myndavél
- Rafdrifinn afturhleri
- Rafhituð framrúða
- Rockford Fossgate 710W hljómkerfi með 9 hátölurum
- Leðursæti með rafstýringu fyrir ökumann
- Sóllúga




Outlander Instyle PHEV 4x4
**5.290.000**
Verðlistaverð: 6.190.000

Nú fer 100 ára afmælishátíð Mitsubishi að ná hámarki og því höfum við ákveðið að bjóða enn fleiri gerðir af Outlander PHEV á ótrúlegu afmælistilboði. Notaðu tækifærið og skiptu yfir í nýjan Outlander PHEV. Hann gengur bæði fyrir rafmagni og bensíni og kemur með fimm ára ábyrgð. Komdu í reynsluakstur og finndu út hvaða týpa passar þér best. Við hlökkum til að sjá þig!

FIMM ÁRA ÁBYRGÐ HJÁ HEKLU 5

MITSUBISHI MOTORS
FYRIR HUGSANDI FÓLK

Verð og tilboðsverð eru háð gengi erlendra gjaldmiðla á hverjum tíma og geta breyst án fyrirvara.

H **HEKLA** · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Umboðsmenn um land allt: Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ

# Methagnaður hjá Kúkú Campers sem setur fókus á Ameríkuútrás

**VIÐSKIPTI** Húsbílaleigan Kúkú Campers skilaði 154 milljóna króna hagnaði í fyrra og jókst hagnaðurinn um 59 prósent milli ára. Eigendur hennar segja íslenska ferðaþjónustu í fjötrum sökum sterks gengis krónunnar, markaðurinn hér sé mettaður og að fyrirtækið ætli að setja aukinn fókus á Ameríkuútrás sína sem hófst í ársbyrjun.

Eigendur Kúkú Campers eru frændurnir Steinarr Lár Steinarsson og Lárus Guðbjartsson, en fram kemur í nýbirtum ársreikningi félagsins fyrir árið 2016 að þeir hafi greitt sér 80 milljónir króna í arð í fyrra.

> Það var vöntun á þessum markaði en hann virðist mettaður miðað við það sem sjáum núna.
>
> Lárus Guðbjartsson, einn eigenda Kúkú Campers



Samkvæmt reikningnum leigðu ferðamenn bíla hjá fyrirtækinu fyrir tæpar 460 milljónir króna á síðasta ári. Er það gríðarleg aukning frá árinu 2015 þegar salan nam 285 milljónum króna. Lárus segir í samtali við Fréttablaðið að vöxtinn megi rekja til þess að ráðist var í að nær tvöfalda bílaflotann milli áranna 2015 og 2016.

„Það hefði ekki mátt vera meiri stækkun miðað við það sem við sjáum í sumar og aðrir í sambærilegum rekstri. Það var vöntun á þessum markaði en hann virðist mettur miðað við það sem sjáum núna,“ segir Lárus.

Í ársbyrjun opnaði Kúkú Campers starfsstöð í Colorado í Bandaríkjunum. Byrjað var með 20 bíla vestanhafs og fóru viðtökurnar að sögn Lárusar í sumar fram úr væntingum. Hann segir framtíðarfókus Kúkú Campers liggja erlendis og að mikil tækifæri séu í Bandaríkjunum.

„Starfsstöðin í Bandaríkjunum er í rólegum en góðum vexti. Við færðum út vörumerkið og sjáum að þetta á heima víðar en á Íslandi og er að virka. Við sjáum ekki fram á annað en að stækka meira þar og setja fókusinn meira á erlenda grund. Það eru ákveðnar vaxtarhömlur á ferðaþjónustunni hér núna og því ágætt að horfa annað.“ **– smj**

## Kaupþingsmenn aftur í hérað

**DÓMSMÁL** Hæstiréttur ómerkti í gær sýknudóm yfir Hreiðari Má Sigurðssyni, Sigurði Einarssyni og Magnúsi Guðmundssyni sem gekk í Héraðsdómi Reykjavíkur í janúar 2016.

Málið varðar meint umboðssvik Hreiðars og Sigurðar og hlutdeild Magnúsar í tengslum við 510 milljóna króna lánveitingar Kaupþings til eignarhaldsfélaga í eigu stórra viðskiptavina bankans stuttu fyrir efnahagshrunið 2008.

Hæstiréttur taldi að nýjar upplýsingar sem ákæruvaldið lagði fram eftir að héraðsdómur gekk gætu haft þýðingu við mat á því hvort skilyrðum refsiákvæða sem ákært var fyrir hefði verið fullnægt. Var málinu því vísað aftur til löglegrar meðferðar í héraði. **– aá**



Hreiðar Már Sigurðsson.

## Tollverðir fundu amfetamínbasa

**LÖGREGLUMÁL** Mikið magn amfetamínbasa fannst í bíl um borð í Norrænu í byrjun október. Magnið er talið það mikið að framleiða megi yfir 100 kíló af amfetamíndufti úr því.

Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu rannsakar málið í samvinnu við lögregluna á Austurlandi. Fjórtán daga gæsluvarðhald yfir tveimur mönnum, sem rann út í gær, hefur verið framlengt um 10 daga vegna rannsóknar málsins. Hinir grunuðu eru báðir erlendir karlmenn á sextugsaldri. **– ngy**

# Raforkutruflanir hér á landi kosta um 1,5 milljarða á ári

**Samráðshópur um truflanir í raforkukerfinu metur kostnað fyrirtækja á landinu öllu vera um einn og hálfan milljarð króna á ári vegna bilana. Afhendingaröryggi orku á Vestfjörðum er ekki nægjanlega gott og tíðar bilanir eru í kerfinu. Alls voru 225 truflanir skráðar í rafveitukerfi Orkubús Vestfjarða í fyrra.**

**ORKUMÁL** Árlegur meðalkostnaður vegna rafmagnsleysis hér á landi árin 2005-2015 er talinn vera um 1,5 milljarðar króna á verðlagi ársins 2015. Í rafveitukerfi Orkubús Vestfjarða voru skráðar 225 truflanir árið 2016, 150 fyrirvaralausar en 75 vegna viðhalds eða breytinga.

Þetta kemur fram í ársskýrslu Orkubús Vestfjarða fyrir árið 2016. Að auki urðu nokkrar útleysingar hjá dreifikerfi Landsnets sem flytur raforku inn á Vestfirði. Frá árinu 2012 hafa á annað hundrað truflanir orðið í dreifikerfi Landsnets á Vestfjörðum.

Kostnaðurinn er nokkuð breytilegur milli ára vegna ytri aðstæðna, svo sem veðurfars. Upplýsingar um meðalkostnað allra landshluta eru birtar í nýlegri skýrslu Truflunar, starfshóps um rekstrartruflanir í orkukerfinu sem er samstarfsvettvangur HS veitna, Landsnets, Norðurorku, Orkubús Vestfjarða, Orkustofnunar, Veitna, Rarik og Rafveitu Reyðarfjarðar.

„Truflanir í raforkukerfinu eru fyrst og fremst á Vestfjörðum. Þess vegna hefur það verið eins konar manifesto vestfirskra sveitarstjórnarmála að ræða, öskra og berjast fyrir raforkubyltingu, eðlilegu raforkuöryggi,“ segir Pétur Georg Markan, formaður Sambands sveitarfélaga á Vestfjörðum.

„Rafmagnsleysi í fjóra tíma, eins og raunin var síðastliðinn föstudag, er ekki eðlilegur hlutur og stjórnvöldum til skammar á meðan ekkert breytist.“ Vitnar Pétur til þess að fyrir síðustu helgi sló rafmagni út í Súðavík í nokkrar klukkustundir.



Mikil uppbygging á sér stað á Vestfjörðum en orkuöryggi er áfátt. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

> Rafmagnsleysi í fjóra tíma, eins og raunin var síðastliðinn föstudag, er ekki eðlilegur hlutur og stjórnvöldum til skammar á meðan ekkert breytist.
>
> Pétur Georg Markan, formaður Sambands sveitarfélaga á Vestfjörðum



### Kostnaður vegna truflana í raforkukerfinu

| | |
|---|---|
| 2005 | 1.128 |
| 2006 | 1.411 |
| 2007 | 1.186 |
| 2008 | 1.260 |
| 2009 | 693 |
| 2010 | 611 |
| 2011 | 1.126 |
| 2012 | 2.842 |
| 2013 | 996 |
| 2014 | 1.008 |
| 2015 | 2.049 |

* Tölurnar eru í milljónum króna

Dreifikerfi Landsnets á Vestfjörðum er veikt og aðeins ein lína liggur frá Hrútártungustöð áleiðis til Vestfjarða. Því er mikilvægt að mati heimamanna að hringtengja Vestfirði með annarri línu til að tryggja afhendingaröryggi á Vestfjörðum. Olía er notuð í nokkrum mæli og í fyrra voru 864 megavattstundir framleiddar með olíu á Vestfjörðum.

**sveinn@frettabladid.is**



# TAX FREE DAGAR
















## ÖLL BÚSÁHÖLD OG GARN

ÁN VIRÐISAUKASKATTS*
DAGANA 19.-22. OKTÓBER

Að sjálfsögðu fær ríkissjóður 24% virðisaukaskatt af þessari sölu.
*Verðlækkunin 19,36% er alfarið á kostnað Hagkaups.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla



**Í Skálholtskirkju.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Viðgerðir byrja á fimm gluggum

**BYGGINGAR** Kirkjuráð þjóðkirkjunnar hefur samþykkt að hefja viðgerðir á listgluggum eftir Gerði Helgadóttur í Skálholtskirkju.

Til að byrja með verða teknir niður fimm gluggar í kirkjunni og þeir fluttir á verkstæði Stefans Oidtmann í Þýskalandi til viðgerðar. „Enda liggur fyrir að Verndarsjóður Skálholtsdómkirkju hefur safnað framlögum sem nægja fyrir kostnaði við viðgerðina,“ segir í fundagerð kirkjuráðs. Minjastofnun sem hafnaði beiðni um styrk til verkefnisins vegna þess hversu dýrt það er hefur sagt mikilvægi þess og stærðargráðu slíka að ríkisvaldið verði að samþykkja sérstaka fjárveitingu. Áætlaður heildarkostnaður er 70 milljónir króna. **– gar**

## Sigrinum á ISIS fagnað



**Kúrdískar konur úr hernaðarbandalagi Kúrda og Araba í Sýrlandi (SDF) söfnuðust í gær saman á al-Naim torginu í sýrlenska borginni Raqqa til þess að fagna sigri. SDF náði í vikunni að hrekja hryðjuverkasamtökin sem kenna sig við íslamskt ríki úr borginni.** NORDICPHOTOS/AFP

## Hvetur Freyju áfram í baráttunni

**SAMFÉLAG** Bergur Þorri Benjamínsson, formaður Sjálfsbjargar, segir mál Freyju Haraldsdóttur gegn Barnaverndarstofu gríðarlega mikilvægt fyrir réttindi fatlaðs fólks. Hann hefur rætt málið við Bjarna Benediktsson forsætisráðherra og telur enn nokkurra fordóma gæta í íslenskri stjórnsýslu gagnvart fötluðu fólki.

„Það er algjört grundvallaratriði að fá úr þessu skorið. Freyja er þarna mikill múrbrjótur að kanna hvernig kerfið bregst við. Ég hef þegar átt símtal við forsætisráðherra vegna málsins og tjáð honum afstöðu okkar í Sjálfsbjörg,“ segir Bergur.

Freyja hefur stefnt ríkinu þar sem hún telur sig ekki fá sömu málsmeðferð hjá Barnaverndarstofu og ófatlað fólk fær. „Það má ekki vera svo að réttindi fólks séu sett í hendurnar á embættismönnum,“ segir Bergur og bætir því við að fordóma sé enn að finna í kerfinu.

„Hver sem les reglugerð um ættleiðingar sér hvað við eigum langt í land. Það eru enn miklir fordómar innbyggðir í íslenskt regluverk gagnvart fötluðu fólki,“ bætir Bergur Þorri við. **– sa**

> **Það eru enn miklir fordómar innbyggðir í íslenskt regluverk gagnvart fötluðu fólki.**
>
> Bergur Þorri Benjamínsson, formaður Sjálfsbjargar




PARALYMPIC DAGURINN

21. OKTÓBER

INNILAUGINNI Í LAUGARDAL

FRÁ KL. 11:00 -. 13:00

FRJÁLSÍÞRÓTTAHÖLLINNI Í LAUGARDAL

FRÁ KL. 13:00-16:00

LEGGÐU LEIÐ ÞÍNA Í LAUGARDAL - VERTU MEÐ!

FINNDU VIÐBURÐINN Á FACEBOOK:

PARALYMPIC-DAGURINN 2017


# Ætla að funda aftur um kjörgengi Kristínar

**Borgarfulltrúi Samfylkingarinnar færði lögheimili sitt til Danmerkur fyrir töku fæðingarorlofs. Tók þátt í stjórnarfundum Strætó bs. í gegnum síma. Forseti borgarstjórnar segir upplýsingarnar nýjar og ætlar að boða fund vegna þeirra.**

**STJÓRNSÝSLA** Kristín Soffía Jónsdóttir, fulltrúi Samfylkingarinnar í borgarstjórn Reykjavíkurborgar, færði lögheimili sitt frá Reykjavík til Danmerkur hinn 8. apríl 2016, samkvæmt upplýsingum úr Þjóðskrá.

Samkvæmt upplýsingum úr fundargerðum Strætó bs. gegndi hún engu að síður skyldum borgarfulltrúa 18. apríl 2016 með því að taka þátt í stjórnarfundi Strætó í gegnum síma. Hún tók aftur þátt í fundi stjórnar Strætó í gegnum síma föstudaginn 29. apríl. Þetta má lesa úr fundargerðum stjórnar fyrirtækisins.

„Þetta eru nýjar upplýsingar sem ekki lágu fyrir á sínum tíma og við vissum ekki af. Í ljósi þeirra hef ég ákveðið að boða til fundar í forsætisnefnd þar sem málið verður rætt og hver næstu skref verða,“ segir Líf Magneudóttir, forseti borgarstjórnar. Hún segir ekki megi leika vafi á kjörgengi borgarfulltrúa.

Eins og Fréttablaðið greindi frá í gær leikur vafi á kjörgengi Kristínar Soffíu sem borgarfulltrúa. Í 37. grein samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar segir: „Þegar borgarfulltrúi flytur úr sveitarfélaginu um stundarsakir má borgarstjórn ákveða, að hans ósk, að hann skuli víkja úr borgarstjórn þar til hann tekur aftur búsetu í Reykjavík. Slík ákvörðun skal tekin áður en borgarfulltrúi flytur um stundarsakir. Sé ekki tekin ákvörðun samkvæmt þessari málsgrein missir borgarfulltrúi kjörgengi við skráningu lögheimilis í öðru sveitarfélagi.“



**Kristín Soffía var kjörin borgarfulltrúi árið 2014. Hún hefur búið í Danmörku á kjörtímabilinu. Vafi leikur á því hvort hún sé kjörgeng.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



**Líf Magneudóttir, forseti borgarstjórnar.**

Eins og fram kom í Fréttablaðinu í gær hefur Helga Björk Laxdal, skrifstofustjóri Reykjavíkurborgar, gefið þær skýringar að Kristín Soffía hafi verið í fæðingarorlofi frá júní 2016 til júlí 2017. Þetta orlof hafi verið tekið í samræmi við tilkynningar hennar til Reykjavíkurborgar og fæðingarorlofssjóðs. Borgarstjórn hafi ekki aðkomu að málefnum borgarfulltrúa í fæðingarorlofi enda sitji þeir ekki í borgarstjórn á meðan á því stendur. Nýjar upplýsingar benda hins vegar til þess að Kristín Soffía hafi fært lögheimilið áður en hún hóf töku fæðingarorlofs.

Trausti Fannar Valsson, dósent í lögfræði við Háskóla Íslands, segir að það sé sveitarstjórnar að úrskurða um það hvort sveitarstjórnarfulltrúi hafi misst kjörgengi. Þeim úrskurði megi skjóta til ráðuneytis og úrskurði ráðuneytis megi skjóta til dómstóla. Ráðuneytið geti hins vegar tekið slík mál upp að eigin frumkvæði á grundvelli sveitarstjórnarlaga.

jonhakon@frettabladid.is

# OPNUNARPARTÝIÐ Í KRINGLUNNI HELDUR ÁFRAM ÞESSA VIKU

## KLIKKUÐ TILBOÐ Á LAUGARDAGINN FYRSTUR KEMUR, FYRSTUR FÆR



114793001
**STIKBOT FIGURE TRANSLUCENT**
~~1.299,00~~
389,70
5 stk



112228001
**NERF N-STRIKE ELITE MODULUS ESC-10 BLASTER**
~~12.999,00~~
5.749,50
5 stk



102651001
**POKEMON POKÉ BALL BELT**
~~7.999,00~~
3.999,50
5 stk



113617001
**BEBELLINO DOLL GIRL**
~~6.999,00~~
3.499,50
6 stk

## HELGARTILBOÐ FÖSTUDAG-SUNNUDAG



113255001
**PLAY2LEARN Cherry Lane Cottage**
~~9.999,00~~
5.999,40



115237001
**PLAY2LEARN Cubes**
~~3.999,00~~
2.399,40



113860002
**BUNCHEMS Glow in the DARK Theme Pack**
~~3.799,00~~
2.279,40



111179002
**MAGNETIC ICE FISHING GAME**
~~19.999,00~~
7.999,60

Tilboðin gilda aðeins í Toys"R"Us í Kringlunni á meðan birgðir endast. Birt með fyrirvara um prentvillur og uppseldar vörur.

## OPNUNARTÍMI

| | |
|---|---|
| Mánudagur - miðvikudagur: | 10:00-18:30 |
| Fimmtudagur: | 10:00-21:00 |
| Föstudagur: | 10:00-19:00 |
| Laugardagur: | 10:00-18:00 |
| Sunnudagur: | 13:00-18:00 |

**PRICEMATCH**
VIÐ ÁBYRGJUMST BESTA VERÐIÐ Á MARKAÐNUM - LÍKA Á NETINU
NÁNARI UPPLÝSINGAR Á TOYS"R"US.IS/PRISMATCH

**Kringlunni 4-12**
**103 Reykjavik**

Toys"R"Us

# Áfengisgjaldið þungur baggi fyrir lítil frumkvöðlabrugghús

**SKATTAMÁL** Brugghúsið Lady Brewery segir álagningu áfengisgjalds afar erfiða fyrir frumkvöðla sem bruggi gæðabjór í litlu magni. Þar sem bruggunin sé smá í sniðum og áfengisstyrkur bjórsins um 6,1 prósent, þurfi fyrirtækið að greiða 452 krónur á hvern lítra til hins opinbera í formi áfengisgjalds.

Ragnheiður Axel og Þórey Björk Halldórsdóttir reka frumkvöðlafyrirtækið. Þær hafa unnið að því að setja á markað vandaða vöru og er IPA-bjórinn frá þeim, „First Lady“, nú að finna á völdum öldurhúsum í Reykjavík og nágrenni.

„Bjórinn hjá okkur er að fara út úr brugghúsi á um 1.200 krónur lítrinn plús virðisaukaskattur vegna mikillar álagningar hins opinbera,“ segir Ragnheiður.

„Því kostar bjórinn okkar um 1.550 krónur að lágmarki á krám. Það er mjög erfitt fyrir lítil brugghús að bjórinn þurfi að vera svona dýr til að hann standi undir sér.“

Í framlögðu fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2018, sem bíður umræðu fram yfir kosningar, mun áfengisgjald hækka um 2,2 prósent í takt við verðlagsbreytingar ársins. Því mun krónutalan hækka á næsta ári nái þessi hækkun fram að ganga.

„Við erum ósáttar við að þetta litla fyrirtæki sem er að byrja rekstur fái þennan rosalega þunga bagga. Þetta er auðvitað auðveldara þegar um stórfyrirtæki er að ræða sem geta lagt minna á hvern kút og selt gríðarlegt magn á ársgrundvelli,“ bætir Ragnheiður við. **– sa**



**Framboð á innlendum bjór hefur stóraukist síðustu ár.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Yngsta konan í ráðherrasætinu

**NÝJA-SJÁLAND** Jacinda Ardern, formaður Verkamannaflokksins á Nýja-Sjálandi, verður yngsti kvenkyns forsætisráðherrann í sögu ríkisins. Þetta varð ljóst eftir að Winston Peters, formaður flokksins Nýja-Sjáland fyrst, tilkynnti að flokkur hans hefði ákveðið að ganga í ríkisstjórnarsamstarf með Verkamannaflokknum.

Flokkur Ardern fékk næstflest sæti á nýsjálenska þinginu í þingkosningum sem fóru fram þann 23. september síðastliðinn. Það dugði ekki til að fá meirihluta þingsæta en með stuðningi Nýja-Sjálands fyrst og Græningja mun Ardern nú mynda ríkisstjórn og setjast í forsætisráðherrasætið með níu þingsæta meirihluta.



**Jacinda Ardern, forsætisráðherra Nýja-Sjálands.**

BBC greinir frá því að það hafi einna helst verið persónufylgi Ardern sem tryggði Verkamannaflokknum góðan kosningasigur. Flokkurinn bætti við sig fjórtán þingsætum á meðan Þjóðflokkurinn, sem fékk þó flest þingsæti, tapaði þremur.

Mikil stuðningsbylgja við Verkamannaflokkinn, sem fékk heitið „Jacinda-æði“, skilaði flokknum talsverðu fylgi þótt stuðningur hafi minnkað nokkuð dagana fyrir kosningar. **– þea**

# Xi gefur út eigin stjórnmálaspeki

**KÍNA** Xi Jinping, forseti Kína, mun gefa út rit með eigin stjórnmálaspeki. Frá þessu greindi ríkisfréttastofan Xinhua í gær. Verður Xi þar með fyrsti kínverski leiðtoginn til að gefa út nýja hugsjón frá því Deng Xiaoping gerði slíkt á níunda áratugnum. Einungis einn leiðtogi kommúnísks Kína til viðbótar hefur gefið út slíka bók, Maó Zedong.

Samkvæmt Xinhua mun bókin heita Hugsanir Xi Jinping og mun hún innihalda fjórtán leiðarstef. Líklegt þykir að hugmyndir Xi verði innleiddar í stjórnarskrá kínverska Kommúnistaflokksins og að þær muni styrkja stöðu Xi sem forseta til muna.



**Xi Jingping fetar í fótspor Maós.**

Michael Bristow, sérfræðingur BBC í málefnum Kínverja, sagði í gær að innihald þessara nýju hugmynda væri óljóst. Xinhua lýsti því sem kínverskri útgáfu sósíalisma en það þykir ekki skýr lýsing. **– þea**



**Inigo Mendez de Vigo, talsmaður ríkisstjórnar Spánar og ráðherra, hélt blaðamannafund í spænska þinghúsinu vegna málsins í gær.** NORDICPHOTOS/AFP

# Katalónar missa stjórn á sér

**Katalónía mun að öllu óbreyttu missa öll sjálfsstjórnarréttindi sín eða hluta þeirra. Til stendur að ferlið hefjist formlega á morgun. Ekki er ljóst hvað mun breytast í stjórnarfari Katalóníu. Forseti héraðsstjórnar Katalóníu biður enn um viðræður og segir Spánverja kúga héraðsbúa.**

**SPÁNN** Margítrekaðar hótanir spænsku ríkisstjórnarinnar verða að veruleika þegar 155. grein spænsku stjórnarskrárinnar verður virkjuð og í kjölfarið mun Katalónía missa hluta sjálfsstjórnarréttinda eða jafnvel allan réttinn til sjálfsstjórnar. Til stendur að ferlið hefjist á morgun.

Mariano Rajoy, forsætisráðherra Spánar, hafði gefið Carles Puigdemont, forseta héraðsstjórnar Katalóníu, frest til gærdagsins til þess að svara honum í eitt skipti fyrir öll um hvort Katalónía lýsti yfir sjálfstæði. Talið hafði verið að forsetinn hefði undirritað sjálfstæðisyfirlýsingu en frestað gildistöku hennar. Rajoy þótti það þó ekki nægilega skýrt.

Puigdemont sendi forsætisráðherranum bréf í gærmorgun í þann mund sem fresturinn var að renna út. Sagði þar að gildistöku yfirlýsingarinnar hafi vissulega verið frestað en það gæti breyst. „Ef ríkisstjórnin heldur áfram að koma í veg fyrir viðræður, og heldur áfram að kúga okkur, gæti katalónska þingið kosið um formlega sjálfstæðisyfirlýsingu,“ skrifaði Puigdemont.



**Carles Puigdemont, forseti héraðsstjórnar Katalóníu.** NORDICPHOTOS/AFP

> **Ef ríkisstjórnin heldur áfram að koma í veg fyrir viðræður, og heldur áfram að kúga okkur, gæti katalónska þingið kosið um formlega sjálfstæðisyfirlýsingu.**
>
> Carles Puigdemont, forseti héraðsstjórnar Katalóníu

Óljóst er hins vegar hvort af því gæti orðið þar sem héraðið mun að öllu óbreyttu missa sjálfsstjórnarréttindi sín. Það gæti þýtt að héraðsstjórnin myndi missa völd sín og að þing yrði rofið. Spænskir fjölmiðlar héldu því fram í gær svo gæti jafnvel farið að Puigdemont haldi stöðu sinni en eingöngu að nafninu til. Völd hans myndu færast til Madrídar.

Í yfirlýsingu sem spænska ríkisstjórnin sendi frá sér í gær segir að stjórnin muni halda áfram að taka þau skref sem stjórnarskráin krefst til þess að „endurreisa lög og reglu í stjórnarfari Katalóníu“.

„Spænska ríkisstjórnin fordæmir þá viðleitni katalónskra stjórnvalda að sækjast eftir átökum þrátt fyrir þann alvarlega skaða sem það hefur nú þegar valdið samlífi okkar og efnahag Katalóníu. Ekki ber að efa að spænska ríkisstjórnin mun gera allt sem í hennar valdi stendur til þess að endurreisa lög og reglu í landinu,“ segir enn fremur í yfirlýsingunni.

155. greinin gerir yfirvöldum í Madríd kleift að taka stjórnina á spænsku landsvæði á óvissutímum en hún hefur aldrei verið virkjuð. Í greininni segir: „Ef sjálfsstjórnarsvæði uppfyllir ekki þær skyldur sem stjórnarskráin og önnur lög setja því, eða hefur á annan hátt slæm áhrif á almannahag má ríkisstjórnin beita öllum nauðsynlegum ráðum til þess að láta yfirvöld á svæðinu uppfylla umræddar skyldur eða verja fyrrnefndan almannahag.“

Eins og áður segir er óvíst hversu langt verður gengið í sviptingu sjálfsstjórnarréttinda Katalóníu. Á BBC kemur fram að það gæti verið allt frá því að taka yfir stjórn lögreglu og efnahagmála til þess að boða til nýrra þingkosninga í Katalóníu. Jafnframt kemur fram að sérfræðingar sem rætt var við líti ekki svo á að hægt sé að svipta héraðið sjálfsstjórnarrétti að fullu en það þyki þó ekki ljóst.

**thorgnyr@frettabladid.is**


NISSAN INTELLIGENT MOBILITY
NISSAN
Innovation that excites
X-TRAIL
NÝR NISSAN X-TRAIL
FJÓRHJÓLDADRIFINN, SJÁLFSKIPTUR, DÍSIL, 177 HESTÖFL
VERÐ FRÁ: 5.590.000 KR.
HANNAÐUR FYRIR SAMHELDNAR FJÖLSKYLDUR
Stórkostleg fjölskylduævintýri kalla á stórvirk farartæki. Í nýjum Nissan X-Trail með kraftmikilli 177 ha dísilvél, i4x4 X-Tronic sjálfskiptingu, 380 NM togkrafti og allra nýjustu tækni er lítið mál að vera með þunga hluti í eftirdragi. Hugsaðu stórt og keyrðu á fullum krafti.
Intelligent 4x4
177 hestafla vél
ENNEMM / SÍA / NM84552
GE bílar Reykjanesbæ www.gebilar.is 420 0400
Bílasalan Bílás Akranesi www.bilas.is 431 2622
Bílasala Akureyrar Akureyri www.bilak.is 461 2533
Bílaverkstæði Austurlands Egilsstöðum www.bva.is 470 5070
IB ehf. Selfossi www.ib.is 480 8080
BL söluumboð Vestmannaeyjum 481 1313 862 2516
BL ehf Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík 525 8000 / www.bl.is
B|L

FLUTNINGASPÁ DAGSINS

SEYÐISFJÖRÐUR 14.00 — -20° 200 t

BREIÐDALSVÍK 17.00 — 25° 4 kg

SPÁÐ ER SENDINGUM UM ALLT LAND

EIMSKIP Flytjandi

ÚTSALA

Flísabúðin

Stórhöfða 21 | s: 545 5500 | flis.is

# Öryrkjar eiga að vera sýnilegri og sterkari

**Einar Þór Jónsson vill verða formaður Öryrkjabandalags Íslands en kosið verður um formann um helgina. Tveir verða í framboði en Þuríður Harpa Sigurðardóttir gefur einnig kost á sér. Einar hefur mikla reynslu af starfi ÖBÍ.**



Einar Þór Jónsson, framkvæmdastjóri HIV-samtakanna og frambjóðandi til formanns Öryrkjabandalagsins, en kosið verður á morgun. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

„Ég hef sjálfur orðið fyrir veikindum og ýmsum áföllum í mínu lífi. Ég er meðvitaður um að starf ÖBÍ eigi að endurspeglast í forvörnum, hjá aðstandendum og öryrkjum sjálfum því þetta er sterkt og mikið afl með tugi þúsunda á bak við bandalagið,“ segir Einar Þór Jónsson, þroskaþjálfi og lýðheilsufræðingur, sem gefur kost á sér til formanns Öryrkjabandalags Íslands, ÖBÍ, en kosið verður á laugardag.

Undanfarinn áratug hefur Einar gegnt stöðu framkvæmdastjóra HIV Íslands auk fjölmargra annarra verkefna við kennslu, ráðgjöf og námskeiðahald á sviði heilbrigðismála. Þá hefur hann einnig gegnt ábyrgðarstöðum hjá félögum og þjónustustofnunum fyrir fólk með fötlun. Síðastliðið ár hefur hann setið í stjórn og jafnframt verið meðstjórnandi í framkvæmdaráði ÖBÍ.

„ÖBÍ er á ákveðnum tímamótum. Það er bandalag ólíkra hópa og það er mikilvægt að sjónarmið fjölbreytileikans fái að koma fram. ÖBÍ eru samsett af 41 aðildarfélagi, fólki með mismiklar fatlanir og sjúkdóma, fólki sem þarf mismikla aðstoð í daglega lífinu, eða enga. Aðrir þurfa lyf og meðferðir til að lifa af og raddir þeirra hafa heyrst mismikið,“ segir frambjóðandinn.

Einar hefur oft staðið með vindinn í fangið á lífsleiðinni. Mamma hans veiktist og lést þegar hann var 12 ára og hafði þá búið við mikla fötlun í fimm ár eftir aðgerðir vegna heilaæxlis. Bróðir Einars lést af völdum sjálfsvígs í kjölfar kvíða og þunglyndis. „Það jók eðlilega áhuga minn á geðheilbrigðismálum. Í dag er mitt ljúfsárasta verkefni í lífinu að vera nánasti stuðningur mannsins míns sem er með Alzheimer.“

Fyrir rúmlega 30 árum greindist Einar með HIV sem hann segir hafa verið þungbæra tíma. Sú reynsla hafi mótaði hann til framtíðar og gefið honum styrk og þekkingu til

> **Ég greinist með HIV þegar von um bata var engin og ótti og fáfræði allsráðandi. Þá var úrræðaleysið algjört en ég náði fótfestu í tilverunni aftur.**
> Einar Þór Jónsson

að takast á við viðkvæm og flókin málefni. „Ég þurfti sjálfur að berjast við mótlæti og fordóma þegar ég var að koma út úr skápnum. Það var gjörólíkt umhverfi, að vera samkynhneigður á Íslandi á níunda áratugnum, því sem er í dag.

Ég greinist með HIV þegar von um bata var engin og ótti og fáfræði allsráðandi. Þá var úrræðaleysið algjört en ég náði fótfestu í tilverunni aftur þegar lyfin komu á markað sem voru sannkölluð kraftaverkalyf og menn risu hreinlega upp frá dauðum.“

Einar er bjartsýnn maður og segir að það sé mikilvægt að gera sér grein fyrir styrk og mikilvægi félagasamtaka enda tímarnir að breytast. „Við erum kannski að upplifa núna að öll þessi barátta sem fólk hefur staðið fyrir er að skila sér.

Síðustu áratugi hafa félagar ÖBÍ komið ótal góðum málum í höfn með kjarki og seiglu. Enn er þó verk að vinna og mörg áríðandi verkefni eru fram undan í starfi okkar. Við skulum muna að bág lífskjör öryrkja á Íslandi eru að miklu leyti til komin vegna smánarlegrar framfærslu og þröngsýni yfirvalda.

Það er hættulegt ástand sem skapar mismunun, fátækt, húsnæðisvanda, félagslega einangrun, kvíða, úrræðaleysi og stöðugan ugg í brjóstum bótaþega um skerðingu bóta. Þess vegna er framkvæmd starfsgetumats eitt af gríðarlega mikilvægum hagsmunamálum allra öryrkja.“ Einar segist bjóða sig fram með auðmýkt og telur sig vera réttan mann í starf formanns. „Þetta snýst ekki um pólitík. Mannréttindi, heilsa, réttlæti og velferð eru ekki aðeins mín gildisorð og ég lifi ekki aðeins eftir þeim heldur eru þau líka mín áhugamál,“ segir Einar.

benediktboas@365.is






VERÐ FRÁ:
**3.740.000** kr.
Eyðsla frá 3,9 l/100 | $CO_2$ losun frá 104 g/km

## VALINN BÍLL ÁRSINS Í EVRÓPU 2017

Hinn nýi Peugeot 3008 Crossover hlaut hinn eftirsótta titil „Bíll ársins í Evrópu 2017“ nú nýverið. Það er til marks um einstaklega vel heppnaða hönnun og framúrskarandi gæði. Það er sama hvar borið er niður, glæsilegt útlit bílsins að innan sem utan, gæðin, þægindin, aksturseiginleikarnir, allt er eins og best verður á kosið. Peugeot 3008 er hár frá götu, 22 cm undir lægsta punkt og framdrifið er fáanlegt með öflugri Grip Control spólvörn sem kemur honum í gegnum erfiðustu aðstæður. Þráðlaus tækni hleður símann þinn og með Mirror Screen tækninni getur þú notað Apple Car Play eða Mirror Link fyrir Android til að tengja snjallsímann við 8“ skjáinn. Mátaðu þig í frábær sætin og kíktu á rúmgott farangursrýmið. Peugeot 3008 er tímamótabíll með vél sem nýverið hlaut hinn eftirsótta titil Vél ársins (Engine of the Year).

# PEUGEOT 3008

MOTION & EMOTION

PEUGEOT

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

**Brimborg Reykjavík**
Bíldshöfða 8
Sími 515 7000

**Brimborg Akureyri**
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

**Nýir og notaðir bílar:**
Söludeildir eru opnar virka daga kl. 9-17
og laugardaga kl. 12-16

FÖSTUDAGSVIÐTALIÐ

# Brjálæðislegar breytingar í framtíðinni

**„Við erum í svona nýju umhverfi þar sem störf munu breytast og önnur verða til,“ segir formaður Samfylkingarinnar. Formaður Viðreisnar vill fara varlega í kosningaloforðin, einfalda skattkerfið og greiða niður skuldir. Flokkur fólksins ætlar að útrýma fátækt.**

2017

Jón Hákon Halldórsson
jonhakon@365.is
Sunna Karen Sigurþórsdóttir
sunnak@365.is



Ég held að það sé ýmislegt sem geri það líklegt að þessir tveir flokkar gætu unnið saman og hefði reyndar viljað sjá það síðasta vetur í fimm flokka viðræðunum. En það er auðvitað margt sem skilur okkur að líka. Við höfum skýrari áherslur til vinstri eins og klassískir jafnaðarmenn,“ segir Logi Már Einarsson, formaður Samfylkingarinnar, um málefnalegan áherslumun milli Samfylkingar og Viðreisnar.

„Við viljum byggja upp samfélag þar sem skattkerfið er notað sem tekjujöfnunartæki en ekki bara sem tekjuöflunartæki. Við viljum félagslegan stöðugleika og mikil ríkisumsvif þegar kemur að grunnþáttum eins og heilbrigðiskerfi og menntakerfi, við erum skeptískari út í einkavæðingu og útvistun á slíkum hlutum. Hins vegar þegar kemur að verkefnum eins og að koma á stöðugu efnahagslífi og gjaldmiðilsmálum þá deilum við þeirri sýn að íslensk króna sé okkur skeinuhætt og sé eins og hlandkoppur á úthafi og við ráðum lítið við hana,“ segir hann. Þá séu flokkarnir tveir með svipaðar áherslur hvað varðar samskipti Íslands við umheiminn.

„Já, ég held ég geti tekið undir með Loga að það er töluverður munur á þessum flokkum. Ekki síst þegar við horfum til skattamála. Ég sé í rauninni ekki hvað aðskilur VG og Samfylkinguna. Ég hef verið að hugsa hver munurinn á þessum tveimur flokkum er í öðru en alþjóðamálum,“ segir Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, formaður Viðreisnar. Lítill munur sé á afstöðu flokkanna í skattamálum.

„Við í Viðreisn höfum viljað fara varlega í allar skattahækkanir. Við höfum frekar sagt skattastopp og viljum skoða heildarmyndina,“ segir hún og leggur áherslu á að lækka efra virðisaukaskattsþrepið. Lækka þurfi tryggingargjaldið á fyrirtæki. „Það bitnar mikið á litlum og meðalstórum fyrirtækjum sem þurfa og vilja ráða til sín fólk, ekki síst í sprotakerfinu.“



Þau Logi, Þorgerður og Inga Sæland segja talsverðan stefnumun vera á flokkum sínum. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

### Kosningaloforðin óraunhæf

Ljóst er að mikill vilji er meðal frambjóðendanna til þess að ræða skattamál, en Þorgerður tekur fram að sér þyki óábyrgt að lofa of miklu, eins og hún segir Samfylkinguna og Vinstri græn gera. „Við getum ekki verið að koma með skattaloforð sem eru upp á um það bil fimmtíu milljarða, plús eða mínus, eins og hjá Vinstri grænum eða Samfylkingu. Ég ætla bara að tala um þetta svolítið saman því það er ekki búið að fjármagna þetta. [...] Það á eftir að fjármagna þessi kosningaloforð og þess vegna segjum við í Viðreisn: við þurfum að fara varlega í skattahækkanir. Við skulum skoða skattkerfið heildstætt; skoða einföldun á skattkerfinu og halda áfram að greiða skuldir. Við þurfum að byggja þetta upp þannig að þetta verði sjálfbær velferð til lengri tíma, en ekki bara – að mínu mati – allt of óraunhæf kosningaloforð þar sem menn tala bara um það sem þeir halda að fólk vilji heyra. Mér finnst þetta ekki ábyrgt,“ segir Þorgerður, en Samfylkingin lofar til að mynda öruggu húsnæði fyrir alla, tvöföldun barnabóta, hærri lífeyri og gjaldfrjálsu heilbrigðiskerfi, svo fátt eitt sé nefnt.

Logi fullyrðir hins vegar að búið sé að ganga úr skugga um að hægt verði að fjármagna og efna öll þeirra kosningaloforð. „Það er með hertu skattaeftirliti, við ætlum að vera með tekjutengdan stóreignaskatt, við ætlum að auka tekjur á ferðaþjónustu eins og allir hérna við borðið, við ætlum að fá arðgreiðslur út úr bönkunum, ætlum að fá hóflega meira út úr veiðigjöldum, erum að tala um að orkufyrirtæki greiði auðlindarentu, erum að tala um stigvaxandi fjármagnstekjuskatt. Þetta er allt listað niður hjá okkur, rúnnað af í milljörðum og það nægir til að efna okkar kosningaloforð. Aðrir hafa ekki gert þetta.“

Flokkur fólksins bauð fram í fyrsta skipti fyrir alþingiskosningarnar 2016 og býður nú fram í annað sinn. Flokkurinn segist ætla að útrýma fátækt hér á landi. „Flokkur fólksins var stofnaður utan um mál sem snýr að fólki sem hefur borið skarðan hlut frá borði í þessari velmegun og hagsæld sem við búum við í dag. Við viljum afnema frítekjumark með öllu á atvinnutekjur eldri borgara, jafnt sem öryrkja,“ segir Inga Sæland, formaður Flokks fólksins, sem segist einnig vilja tryggja öldruðum og öryrkjum 300 þúsund króna lágmarksframfærslu á mánuði.

„Við erum að gera hóflegar kröfur, erum að fara fram á algjöra lágmarksframfærslu og það veit það hver heilvita maður sem vill vita að húsnæðiskostnaðurinn einn og sér, bara á höfuðborgarsvæðinu og sérstaklega í Reykjavík, er svo yfirþyrmandi og íþyngjandi að 300 þúsund króna lágmarksframfærslan sem við erum að kalla eftir gerir ekki mikið meira en að borga leigu fyrir tveggja herbergja íbúð, rafmagn, hita, og síma,“ segir Inga.

*Hvaðan eiga peningarnir að koma?* Logi Már segir sér þykja kosningaloforð Ingu óraunhæf og krefur hana svara um hvaðan peningarnir eigi að koma. „Þrjú hundruð þúsund króna skattfrjáls framfærsla er engin ofrausn og auðvitað eitthvað sem við hljótum að stefna að. En svona loforð myndu kosta 140 milljarða og ég veit ekki hvaðan þeir peningar eiga að koma á einu bretti. Ef við erum spurð um varfærin loforð upp á 30 til 40 milljarða þá hljótið þið að spyrja hana hvar hún ætlar að finna 140 milljarða plús öll önnur loforð sem hún er að gefa,“ segir Logi. Inga segist ekki hafa heyrt svo háar tölur fyrr.

„Hvaðan kemur þessi 140 milljarða króna tala? Hefur þú heyrt hana, Þorgerður? Ég held að þetta sé í kringum 19 milljarðar,“ segir Inga Sæland. Hún segir Flokk fólksins vilja staðgreiðslu á inngreiðslu í lífeyrissjóði í stað útgreiðslna og segist telja að ríkið geti aflað 40 milljarða króna á ári með því.“

„Þá minnkar það fé sem þeir hafa til að ávaxta,“ segir Logi og hvetur til varfærni þegar kemur að lífeyrissjóðunum. Þorgerður Katrín tekur undir. „Ég held að við verðum að fara afskaplega varlega í okkar skuldbindingar sem við höfum sett í lífeyrissjóðina. Þetta eru framtíðarskuldbindingar,“ segir hún.

Talið berst að menntakerfinu enda var Þorgerður Katrín ráðherra málaflokksins um tæplega sex ára skeið.

„Mér finnst pínulítið hvimleitt þegar við erum að tala niður heilbrigðiskerfið okkar og menntakerfið okkar. Miklu heldur eigum við að tala um að við eigum að byggja ofan á þetta. Því það er svo margt gott að gerast. Ég hef þurft á menntakerfinu að halda, ekki síður en heilbrigðiskerfinu. Þetta hefur aldrei brugðist gagnvart börnunum mínum þegar á hefur reynt. En hins vegar þurfum við að bæta verulega í heilbrigðiskerfið og það sama með menntakerfið. Við þurfum að auka sveigjanleikann í skólakerfinu. Við þurfum að taka betur utan um kennara og kennaramenntun, vera með meiri endurgjöf og svo framvegis,“ segir Þorgerður. Framhaldsskólarnir þurfi á meira fé að halda og endurskoða þurfi reiknilíkan þeirra. Þá þurfi að vera hægt að taka tillit til fjölbreyttra þarfa einstaklinga sem leita í kerfið.

„Ég get alveg viðurkennt það að ég er pínu hlutdræg, ég á börn sem eru alls konar, en ég vil bara að skólakerfið sé opið fyrir börn með alls konar þarfir. Hvort sem það eru sérþarfir eða ekki. Við verðum að taka tillit til þess í fjárveitingum og ekki stilla skólum upp við vegg,“ segir Þorgerður.

Þá segjast Logi og Þorgerður sammála um að það hafi verið mistök að takmarka aðgengi fólks eldra en 25 ára að framhaldsskólum. „Að það sé lokað á fólk sem hefur verið að vinna lengi innan atvinnulífsins, ófaglært, en er að bæta við sig menntun og þekkingu – mér finnst það vitlaus og röng nálgun,“ segir Þorgerður.

### Svikin loforð

Logi gagnrýnir Sjálfstæðisflokkinn fyrir að svíkja loforð um að sparnaðurinn af styttingu framhaldsskólans niður í þrjú ár yrði eftir í framhaldsskólunum.

„Ég hefði talið að það væri frumskilyrði að standa við það loforð, en það var ekki efnt,“ segir Logi og bætir við að þetta loforð verði að efna. Þá segir hann háskólakerfið fá helming þess fjármagns sem gengur og gerist á Norðurlöndunum.

„En ég er sammála Þorgerði í því að við eigum ekki að vera að tala niður menntakerfið. En ég er ekkert endilega sammála því að við eigum að vera að byggja ofan á það óbreytt. Við erum nefnilega að fara að takast á við brjálæðislegar breytingar í framtíðinni. Við erum í svona nýju umhverfi þar sem störf munu breytast og önnur verða til. Lykillinn að því að fóta sig í þessum hverfula heimi er að menn hafi sköpunargáfu og sköpunarkraft og að menn efli tölvuþekkingu, nýsköpun og rannsóknir. Annars mun okkur ekki farnast vel,“ segir Logi. Hann telur mjög ólíklegt að iðnnám verði í framtíðinni með sama hætti og í dag.

„Við þurfum að fara að búa til einstaklinga sem geta tekist á við ný verkefni með nýrri tækni. Þess vegna þurfum við að ráðast í stórsókn í menntamálum. Það er ekki nóg að setja peninga í þetta. Við þurfum að fara að horfa á menntakerfið með öðrum hætti. Það verður ekki þannig að við förum inn í skólakerfið 7 ára og hættum 23 ára. Þetta verður símenntun,“ segir Logi

Inga leggur höfuðáherslu á geðrækt í menntakerfinu frá leikskólaaldri og að vel verði fylgst með börnum sem upplifi vanlíðan.

„Auðvitað eigum við ekki að tala niður menntakerfið en engu að


FRUMSÝNT
Í KVÖLD
GUÐ
BLESSI
ÍSLAND

síður er það staðreynd að 30 prósent ungra drengja útskrifast úr 10. bekk illa læsir eða með lélegan lesskilning. Hvers vegna skyldi þá nokkur vera undrandi á því að það eru gríðarleg afföll úr framhaldsskólum? Er ekki lágmark að kenna þeim að lesa?“ spyr Inga. Algjört lykilatrið sé að efla sálfræðiaðstoð í skólunum.

Logi og Þorgerður eru sammála um að sálfræðiþjónusta í skólunum verði efld og öll eru þau sammála um að hún þurfi að vera gjaldfrjáls. „Það er ekki spurning og það er sem betur fer það sem allir flokkarnir hafa verið að tala fyrir,“ segir Þorgerður.

Þorgerður vill líka að hægt sé að tengja betur iðnnám, starfsmenntun og skapandi greinar við grunnskólana.

„Eitt sem ég hef aldrei skilið er af hverju stúdentspróf er bara fyrir bóknámsgreinar. Af hverju geturðu ekki verið með stúdentspróf af húsasmíðabraut og svo framvegis? Ef þú klárar sem smiður, af hverju máttu þá ekki fá hvítan koll eins og aðrir?“ spyr Þorgerður. Gömlu viðmiðin eigi ekki lengur við.

**Margt getur breyst**

Samfylkingin hefur í gegnum tíðina beitt sér hvað harðast fyrir inngöngu Íslands í Evrópusambandið. Sömuleiðis var innganga helsta stefnumál Viðreisnar þegar flokkurinn var stofnaður í maí í fyrra. Hins vegar hefur lítið heyrst af Evrópumálum í þessari kosningabaráttu, og vaknar því sú spurning hvort búið sé að leggja Evrópusambandsmál til hliðar.

„Ég held að í augnablikinu séum við í þeirri stöðu að það sé engin leið fær í þá átt nema að þjóðin segi sína skoðun. Ég er sannfærður um að það er spennandi kostur að sjá samning og ég er viss um að það geti leyst mikið af okkar vandamálum ef við náum hagstæðum samningi,“ segir Logi Már, sem viðurkennir að mögulega hefði Samfylkingin átt að kanna afstöðu þjóðarinnar til aðildarviðræðna, áður en þær hófust árið 2009.

Þorgerður tekur undir. „Ég finn það að ungt fólk vill ekki að þessi valkostur sé tekinn frá þeim,“ segir hún. „Eigum við að gera Evrópusambandið að kosningamáli? Það er ekki stærsta kosningamálið en það sem er mikilvægast er að því verði ekki ýtt út af borðinu og þar mun ég spyrna við fótum. Ég vil líka benda á það, að formaður Sjálfstæðisflokksins talaði fyrir því að taka upp evru árið 2009. Á tveimur árum var hann búinn að skipta um skoðun. Það er allt í lagi að skipta um skoðun, en það sem ég er að reyna að draga fram er að á tveimur árum getur gerst mjög mikið,“ bætir hún við.

Inga Sæland segir Flokk fólksins ekki hlynntan aðild að Evrópusambandinu. „Mín skoðun fyrir tveimur árum var önnur en nú, en í ljósi breyttra aðstæðna og þess stöðugleika sem við búum við í dag,“ segir hún. „En ef það kæmi að því, ef við værum í samstarfi við þetta ágæta fólk og hugmyndin er uppi hvort það eigi að láta þjóðina ákveða, þá höfum við ævinlega sagt já.“

**Mannúðin að leiðarljósi**

Málefni flóttamanna og hælisleitenda hafa farið nokkuð hátt undanfarin misseri, ekki síst vegna máls tveggja ungra stúlkna, frá Nígeríu og Afganistan, sem vísa átti úr landi. Mál þeirra voru tekin til efnislegrar meðferðar eftir mótmæli og undirskriftasafnanir.

Inga Sæland segist nokkuð sátt við kerfið líkt og staðan sé nú, en segir mikilvægt að hraða málsmeðferð. Þannig eigi hún aldrei að taka meira en 48 klukkustundir. „Það er svo afskaplega mikilvægt að vera með öruggt regluverk þannig að fólk viti hvar það stendur þegar það kemur hingað sem gestir, svo það viti hverju það megi eiga von á,“ segir hún og bætir við að ríkisvaldið megi ekki draga lappirnar í þessum málefnum. Sömuleiðis megi ekki vísa fólki sem sé í bráðri hættu eða neyð út í opinn dauðann.

Logi Már segir að vissulega sé gott að hraða málsmeðferð, en efast um ágæti 48 stunda reglunnar. „Það má aldrei gera hlutina svo hratt að það sé ekki hægt að skoða aðstæður á hverjum tíma. Hvert mál, ekki síst þegar það snýr að börnum, þarf að skoða sem einstakt mál,“ segir hann. Ávallt þurfi að hafa mannúðina að leiðarljósi, sem Þorgerður Katrín tekur undir:

„Það er félagslegur ávinningur fyrir íslenskt samfélag að taka á móti hælisleitendum, innflytjendum, en ekki síður það sem sumir ættu að skilja betur, og það er efnahagslegur ávinningur. Hann er gríðarlega mikill fyrir íslenskt samfélag til skemmri og lengri tíma litið. Þannig að ég hef oft bent á það að mér fannst með ólíkindum hvernig uppreist æru gat bara flotið beint í gegnum kerfið, en öllum steinum velt við þegar þessi tvö börn áttu í hlut,“ segir Þorgerður.

Inga tekur einnig undir mannúðarsjónarmiðin, en ítrekar mikilvægi reglugerða. „Við viljum taka upp vegabréfaeftirlit og hafa almennilegt landamæraeftirlit – við viljum vita hverjir eru gestir okkar,“ segir hún og Logi svarar: „Þú vilt sem sagt ganga í öfuga átt við Samfylkinguna.“ „Greinilega,“ svarar Inga.


Samfylkingin, Viðreisn og Flokkur fólksins eru sammála um að það þyrfti að spyrja þjóðina áður en ráðist yrði í aðildarviðræður við ESB. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

**Engu að síður er það staðreynd að 30 prósent ungra drengja útskrifast úr 10. bekk illa læsir eða með lélegan lesskilning.**

Inga Sæland, formaður Flokks fólksins



**Ég get alveg viðurkennt það að ég er pínu hlutdræg. Ég á börn sem eru alls konar, en ég vil bara að skólakerfið sé opið fyrir börn með alls konar þarfir.**

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, formaður Viðreisnar



**Þá deilum við þeirri sýn að íslensk króna sé okkur skeinuhætt og sé eins og hlandkoppur á úthafi og við ráðum lítið við hana.**

Logi Einarsson formaður Samfylkingarinnar,






Við hjálpum þér
að bæta lífsgæðin
Rexton™ heyrnartækin gera meira en að hjálpa þér að heyra betur. Þau opna nýjar leiðir í samskiptum, rjúfa þögnina og gefa tóninn. Þau auka lífsgæðin. Komdu í ókeypis heyrnarmælingu og fáðu heyrnartæki lánuð til reynslu.
Kringlunni • Sími 568 7777 • heyra.is
HEYRNARSTÖÐIN

# Að blekkja



Hörður Ægisson
hordur@frettabladid.is

Skattheimta á Íslandi er ein sú mesta á meðal þróaðri ríkja. Af umræðunni að dæma í aðdraganda kosninga mætti samt halda annað. Í stað þess að kosningarnar snúist um glórulausar hugmyndir um að auka verulega ríkisútgjöld á toppi hagsveiflunnar, með tilheyrandi skattahækkunum á almenning, væri fremur tilefni til að ræða um hvernig megi sýna meiri ráðdeild og sparnað í ríkisrekstri. Því fer hins vegar fjarri. Flestir flokkar keppast um að yfirbjóða hver annan í óábyrgum útgjaldaloforðum.

Fyrir liggur að tveir stjórnmálaflokkar – Vinstri grænir og Samfylkingin – hafa lagt til að útgjöld ríkissjóðs aukist árlega um 50 til 75 milljarða 2018 til 2022. Öllum má vera ljóst að útgjaldaaukning af slíkri stærðargráðu, sem nemur öllum greiddum tekjuskatti fyrirtækja, verður ekki fjármögnuð nema með umtalsverðum skattahækkunum. Þetta á ekki að þarfnast útskýringa. Sömu flokkar hafa hins vegar að mestu látið hjá líða að gera grein fyrir því hvaðan fjármunirnir eigi að koma – nema þá aðeins að ekki standi til að hækka skatta á almenning. Þess í stað eigi að hækka útgjöldin með sérstakri skattlagningu á ríkasta og tekjuhæsta hópinn í samfélaginu. Ekki er þetta trúverðugur málflutningur.

Hversu miklu gæti upptaka hátekju- og auðlegðarskatta skilað? Í greiningu sem birtist í Markaðnum í vikunni var sýnt fram á að 48 til 76 prósenta hátekjuskattur á þá sem hafa meira en 25 milljónir í árslaun myndi auka skatttekjur ríkisins um 159 milljónir til 2,7 milljarða á ársgrundvelli. Þá gæti auðlegðarskattur sem lagður yrði á hreina eign að virði 150 milljónir skila 5,1 milljarði upp í allt að 10,2 milljarða, eftir því við hvaða skatthlutfall er miðað. Þessar tölur eru hins vegar án efa mikið ofmat. Fólk og fyrirtæki bregðast við skattahækkunum með því að draga úr vinnuframlagi og fjárfestingum. Þá er raunveruleikinn sá, núna þegar höft hafa verið afnumin, að fjárfestar geta fært eignir sínar úr landi, kjósi þeir svo. Ísland er ekki lengur eyland.

Forsvarsmenn flokkanna reyna nú að draga í land og gera lítið úr fyrri málflutningi sínum um að til hafi staðið að fjármagna kosningaloforðin einkum með hátekju- og eignasköttum. Þannig benda þeir á að það sé einnig hægt að sækja fjármuni með auknu skattaeftirliti, enn meiri álögum á sjávarútvegsfyrirtæki og arðgreiðslum úr bönkunum. Sjávarútvegsfyrirtæki greiða nú þegar um fjörutíu prósent af hagnaði sínum í opinber gjöld og því vandséð að hækkun veiðigjalds geti skilað miklum tekjum til ríkissjóðs. Á komandi árum verður svigrúm fyrir sérstakar arðgreiðslur úr bönkunum til ríkissjóðs en þeim verður samt að ráðstafa til niðurgreiðslu skulda og fjárfestinga í innviðauppbyggingu og þannig skapa grunn að hagvexti framtíðarinnar. Það væri glapræði við núverandi efnahagsaðstæður að ætla að nýta einskiptistekjur til að standa undir auknum ríkisútgjöldum.

Staðreyndin er sú að tillögur um að stórauka útgjöld ríkissjóðs um tugi milljarða á hverju ári, án þess að ráðast í skattahækkanir á millitekjufólk, standast enga skoðun. Tekjujöfnuður er hvergi meiri meðal þróaðri ríkja en á Íslandi sem er einmitt ástæða þess að jafnvel mjög hár hátekjuskattur myndi skila afar litlum viðbótartekjum í ríkissjóð. Um þetta er óþarfi að deila. Kjósendur eru ekki fífl og þeir munu sjá í gegnum þann blekkingarleik sem sumir stjórnmálaflokkar hafa kosið að bjóða upp á.

> **Þá er raunveruleikinn sá, núna þegar fjármagnshöft hafa verið afnumin, að það er hægur leikur fyrir fjárfesta að færa eignir sínar úr landi, kjósi þeir svo.**


## Byggjum allt Ísland

Opna þarf augun fyrir frjálsum handfæraveiðum Pírata, og að milljarðar lífvera, td. fiskseiði og fiskegg, fela sig á botni fiskimiða okkar, til að verða ekki étin af stærri fiskum.

Allt þetta líf er óvarið fyrir þungum veiðarfærum, dregnum af togveiðiflota okkar dag og nótt.

Fiskimiðin eru eilífðarvél, sem við getum nýtt að eilífu, en í dag getur vélin ekki brauðfætt þessa örþjóð.,



Sandsíli


## Halldór





## Frá degi til dags

**Ísland allt (blómstri)**
**Kosningabaráttan fer væntanlega ekki fram hjá neinum þessa dagana. Þeir sem flettu Bændablaðinu í gær urðu varir við mikinn fjölda heilsíðuauglýsinga. Tvær auglýsinganna sem mátti sjá í Bændablaðinu voru frá Sjálfstæðisflokknum og Miðflokknum og mátti þar sjá keimlík slagorð. Miðflokkurinn slær þar upp slagorðinu „Ísland allt!“. Slagorðaspekingum Sjálfstæðisflokksins hefur ef til vill fundist eitthvað vanta í slagorð Miðflokksins og botna það: „Ísland allt blómstri“.**

**Mjólk**
**Fram kom í gær að Samtök afurðastöðva í mjólkuriðnaði hafi kvartað til Neytendastofu vegna villandi viðskiptahátta með plöntumjólkurafurðir. Sagði skrifstofustjóri samtakanna að til að mynda væri villandi að möndlumjólk væri kölluð mjólk í hillumerkingum verslana. Jafnframt sagði skrifstofustjórinn að Bónus hefði tekið vel í ábendingu samtakanna um að leiðrétta hillumerkingar. Það er gott og blessað að hafa hillumerkingar réttar. Hins vegar er áralöng hefð komin fyrir því að tala um plöntumjólk. Óráðlegt væri að krefja framleiðendur um að hætta að kalla vörur sínar mjólk. Enda inniheldur orðabókarskilgreiningin á orðinu mjólk setninguna „safi ýmissa plantna“ og því er mjólk ekki eingöngu úr spendýrum.**
**thorgnyr@frettabladid.is**

# Við stoppuðum partýið

2017



Björt Ólafsdóttir
umhverfis- og auðlindaráðherra

Skömmu eftir stjórnarslitin birti greiningadeild Arion banka úttekt sem staðhæfði um meintan kostnað íslenskra hlutabréfaeigenda af stjórnarslitunum. Viðskiptablaðamenn báru sig líka aumlega fyrir hönd hlutabréfamarkaðarins og sjálfstæðismenn voru raunamæddir fyrir hönd umbjóðenda sinna sem sagðir voru hafa tapað tugum milljóna vegna ákvörðunar um stjórnarslit sem engin ástæða var talin fyrir. Ef litið er á sömu línurit núna þar sem einungis er búið að lengja tímaásinn sést að engir peningar hafa tapast, nema kannski þá einungis þeir sem voru aðeins froða fyrir. Við þekkjum alveg svoleiðis.

Engum þessara aðila datt í hug að spyrja um beinan kostnað samfélagsins alls af því að kynferðisafbrot eru ekki tækluð sem skyldi í stjórnsýslunni og að ráðamenn hafi beitt öllu sínu til að sópa umræðunni undir teppið því hún var þeim óþægileg.

Í framhaldinu voru margir viðskiptamenn pirraðir á því að hlutirnir hefðu ekki bara fengið að ganga sinn vanagang. Menn sáu fyrir sér sölu ríkiseigna, Arion banka til dæmis, sem reyndar veitir ekki af innspýtingu því fjárfestingar hans í United Silicon eru bæði óarðbærar og samfélaginu vondar. Það voru ýmsir alveg að fara að græða en sáu svo hindrun í veginum sem var stjórnmálaflokkurinn Björt framtíð sem sagði stopp og kveikti ljósin í partýinu.

Það er ýmislegt frábært við Ísland. En sumt verðum við að laga og það ekki einhvern tímann seinna þegar við erum búin að gera allt hitt á listanum okkar. Rannsóknir sýna að fimmta hver stúlka og tíundi hver drengur verða fyrir kynferðislegri misnotkun hér á landi. Uppreistar æru málið snerist um afbrot gegn börnum og feluleik stjórnvalda. Traust var rofið og Björt framtíð sat ekki meðvirk hjá. Þöggun og léleg afgreiðsla á kynbundnu ofbeldi í gegnum áraraðir skiptir öllu máli að uppræta í íslensku samfélagi í dag.

Það er mér ráðgáta af hverju íslenskir stjórnmálamenn hafi ekki sett stjórnmálin á hliðina miklu fyrr út af því. En við í Bjartri framtíð gerðum það, og myndum gera það aftur.

> **Uppreistar æru málið snerist um afbrot gegn börnum og feluleik stjórnvalda. Traust var rofið og Björt framtíð sat ekki meðvirk hjá.**

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR**: Einar Þór Sverrisson **FORSTJÓRI:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kjartan Hreinn Njálsson *kjaranh@frettabladid.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is*, Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is*. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **ÞRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is* **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is*
**MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LÍFIÐ:** Guðný Hrönn Antonsdóttir *gudnyhronn@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Vilhelm Gunnarsson *villi@365.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Barist um lítil eða mikil völd

Í DAG



Þórlindur Kjartansson

Einn eftirminnilegasti þjóðarleiðtogi bókmenntanna er Aðalríkur Allsgáði, ættarhöfðingi yfir hinum harðsnúnu þverhausum Gaulverjabæjar. Mjög er það á huldu fyrir lesendum bókarinnar hver raunveruleg stjórnskipuleg völd Aðalríks eru en draga má þá ályktun að út frá skilgreiningum Webers um ólíkar tegundir valds þá sé Aðalríkur í raun fullkomlega valdalaus þrátt fyrir sína háu embættistign.

Gaulverjar hafa nefnilega ekki mikla þolinmæði fyrir utanaðkomandi valdi eða afskiptasemi. Þeim líður einna best þegar lífið fær að ganga sinn vanagang og hver og einn finnur hlutverk við sitt hæfi; og hlutverk Aðalríks er fyrst og fremst að vera einhvers konar fígúra sem samfélagið getur sameinast um að virða að vettugi. Gaulverjarnir virðast að mestu tilbúnir til þess að umbera hið stjórnskipulega tómarúm í kringum þjóðhöfðingjann og dýran rekstur á embættinu sem fólst í því að hafa tiltækan mannafla til þess að bera Aðalrík um götur bæjarins á skildi. Gegn því að fá að viðhafa þessa fyrirmannastæla þá virðist vera ósagður skilningur að Aðalríkur þekki sín mörk innan samfélagsins og geri engar raunverulegar tilraunir til þess að skipta sér um of af því sem óbreyttir borgarar eru að sýsla og muni þar að auki láta hinn vitra Sjóðrík Seiðkarl ráða í þeim málefnum þar sem raunverulega reynir á dómgreind og visku.

## Leiðtogalaust samfélag

Í góðu samfélagi þyrfti hlutverki stjórnvalda í raun að vera ekki ósvipað háttað og í Gaulverjabæ. Kjósendur þurfa vissulega að velja sér löggjafa og leiðtoga—en vilja í raun sem minnst af þeim vita og alls ekki þeir reyni að gera eitthvað merkilegt.

Þetta er líka raunin víðast hvar í frjálsum samfélögum þar sem mannréttindi eru virt. Raunveruleg völd stjórnmálamanna eru þar fremur rýr. Þeir þurfa að starfa innan þeirra marka sem samfélagið leyfir og geta ekki þrýst hverju sem er upp á borgarana. Í þannig samfélagi er óhætt að leiða fígúru eins og Aðalrík Allsgáða til valda.

Í því ljósi má segja að Aðalríkur Allsgáði hafi kunnað sitthvað fyrir sér í pólitík. Annars vegar má dást að þeim viðstöðulausa hræðsluáróðri sem hann viðhafði um að himnarnir geti hrunið yfir Gaulverjabæ (og enginn hlustaði á) og hins vegar að einlægum áhuga hans á því að stilla sér ævinlega upp í forgrunni þegar Gaulverjar héldu hátíðir og fögnuðu sigri.

Þetta gera stjórnmálamenn nútímans einnig. Þeir tala um utanaðkomandi vá og bjóðast til þess að vernda þegnana—og svo eru þeir duglegir við að baða sig í endurvarpinu af þeim dýrðarljóma sem aðrir skapa. Forsætisráðherrann var til dæmis fljótur að láta taka myndir af sér í búningsklefanum þar sem hann fagnaði sigri með íslenska landsliðinu eftir sigurinn á Kósóvó um daginn; og ekki virtist borgarstjóra Reykjavíkur leiðast að taka á móti og faðma fótboltamennina í beinni útsendingu frá sviðinu á Ingólfstorgi þar sem þeir voru komnir til þess að hitta stuðningsmenn sína.

> **Stjórnmálamenn í frjálsum og góðum samfélögum hafa að sönnu miklu minni völd heldur en þeir sem fara með völdin í vondu stjórnarfari. Við það bætist að flest af því sem þeir gera jákvætt og gott tekur langan tíma að raungerast; jafnvel þannig að ómögulegt er að berja sér á brjóst fyrir árangurinn fyrir næstu kosningar.**

## Góðir hlutir gerast hægt

Stjórnmálamenn í frjálsum og góðum samfélögum hafa að sönnu miklu minni völd heldur en þeir sem fara með völdin í vondu stjórnarfari. Við það bætist að flest af því sem þeir gera jákvætt og gott tekur langan tíma að raungerast; jafnvel þannig að ómögulegt er að berja sér á brjóst fyrir árangurinn fyrir næstu kosningar. Afraksturinn af því að byggja upp gott menntakerfi tekur margar kynslóðir að koma í ljós og hið sama gildir um heilbrigt regluverk á vinnumarkaði og í nýsköpun.

Þó eru til leiðir fyrir stjórnmálamenn að hafa mjög hraðvirk áhrif á samfélagið. Því miður eru hraðvirku leiðirnar að jafnaði líklegri til þess að hafa vond áhrif til lengri tíma. Þetta hafa fjölmargar þjóðir reynt á þeim leiðtogum sem lofað hafa að hrófla hressilega við grundvallarreglum réttarríkisins til þess að sefa reiðiöldur og þeim sem ætla að beita afli ríkisins til þess að leiðrétta ójöfnuð. Þess háttar pólitík endar gjarnan í stórauknum völdum stjórnmálamanna en valdaskerðingu og verri lífsgæðum fyrir allan þorra fólks.

## Stjórn tilfinninganna

Sú mikla hneykslunargirni og vandlætingarstemning sem í auknum mæli virðist stjórna allri pólitískri umræðu á Íslandi er áhyggjuefni í þessu ljósi. Þingmenn þjóðarinnar voru meira að segja svo taugaveiklaðir undir lok þings að þeir afnámu án umhugsunar einu leiðina sem dæmdir glæpamenn hafa til þess að endurheimta borgaraleg réttindi eftir að hafa setið af sér dóma sína. Miðað við stemninguna og umræðuna virðist tilefni til þess að óttast að enn fleiri og mikilvægari mannréttindi geti átt undir högg að sækja.

Og það er ekki fyrr en grafið er undan borgaralegum mannréttindum fólks sem það fer að verða raunverulegt vandamál fyrir almenning ef óhæfir stjórnmálamenn á borð við Aðalrík Allsgáða komast til valda. Því þá er engin leið að vita hverju þeir taka upp á næst.



## KR vann Reykjavíkurslaginn gegn ÍR í Frostaskjólinu



**Reykjavík er okkar** KR vann Reykjavíkurslaginn gegn ÍR í Domino's-deild karla í gær. Íslandsmeistararnir leiddu frá upphafi og náðu að standa af sér öll áhlaup Breiðhyltinga. KR-ingar eru þar með búnir að vinna tvo leiki í vetur en tapa einum. Sami árangur og ÍR er með. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Stelpurnar okkar ekki skorað hjá þýsku grýlunni í 30 ár

**Þeir gerast varla erfiðari leikirnir en sá hjá íslenska kvennalandsliðinu í Þýskalandi í dag. Útileikur á móti margföldum heims- og Evrópumeisturum í undankeppni heimsmeistaramótsins í Frakklandi 2019.**

**FÓTBOLTI** Íslenska kvennalandsliðið hefur aldrei náð í stig á móti Þýskalandi og ekki skorað hjá þeim þýsku í meira en þrjá áratugi. Þær þýsku hafa þó líklega aldrei legið betur við höggi en í dag þegar liðin mætast í undankeppni HM 2019.

22 ára sigurganga þýska kvennalandsliðsins á EM endaði á móti Danmörku í átta liða úrslitum Evrópumótsins í Hollandi síðasta sumar og þýsku stelpurnar rétt mörðu 1-0 sigur í síðasta leik á sjálfsmarki mótherja sinna í Tékklandi.

Karlalandsliðið lenti í mjög erfiðum riðli í undankeppni HM 2018 en tryggði sér samt sem áður sæti á heimsmeistaramótinu í fyrsta sinn. Nú þurfa stelpurnar okkar að fara erfiða leið ætli þær sér inn á HM í fyrsta sinn. Fyrsta krefjandi skrefið þarf að taka í Wiesbaden í dag.

### Margt jákvætt gerst

Góð úrslit á móti þýsku grýlunni myndu breyta miklu í baráttunni um HM-sætið en það er enginn að segja að það verði auðvelt.

Þýska liðið er í sárum eftir slakt EM-sumar og þar innanborðs er enginn skortur á heimsklassa leikmönnum. Sex af þeim eru liðsfélagar Söru Bjarkar Gunnarsdóttur hjá þýsku meisturunum í VfL Wolfsburg. Aðrar spila með öflugum liðum eins og 1. FFC Frankfurt, Turbine Potsdam og Bayern München.

**»Enginn sóknarmanna íslenska liðsins í dag var fæddur þegar Ísland skoraði síðast hjá Þýskalandi.**

Það hefur margt jákvætt gerst síðan íslensku stelpurnar komu hnípnar heim af Evrópumótinu í Hollandi þar sem árangurinn var langt undir væntingum.

Íslenska liðið vann 8-0 sigur á Færeyjum í fyrsta leik undankeppninnar, atvinnumönnum liðsins hefur fjölgað frá því í sumar og fjórar af leikmönnum íslenska landsliðsins eru komnar áfram með liðum sínum í sextán liða úrslit Meistaradeildarinnar. Það, og að stelpurnar héldu þjálfara sínum, Frey Alexanderssyni, er bensín á bílinn sem þær ætla að keyra sögulega leið á HM í fyrsta sinn.

Í fyrsta sinn í þrjá áratugi ganga íslensku landsliðsstelpurnar til leiks á móti Þýskalandi án þess að vera að mæta ríkjandi Evrópumeisturum. Þær eru reyndar Ólympíumeistarar síðan í Ríó þannig að það er ekki eins og síðustu ár hafi verið eintóm vonbrigði þrátt fyrir verðlaunaskort á síðasta HM (2015) og síðasta EM (2017).

### Ekki mark í þrjá áratugi

Ísland hefur hins vegar beðið lengi eftir því að gera eitthvað á móti þýsku grýlunni. Fyrsti leikur Íslands og Þýskalands hjá A-landsliðum kvenna var á Kópavogsvellinum 27. júlí 1987. Þjóðirnar mættust tvisvar í þessari ferð Þjóðverja til landsins og svo aftur tvisvar í september ári síðar. Allir leikirnir töpuðust en íslensku stelpurnar náðu að skora þrjú mörk.



Glódís Perla Viggósdóttir fagnar sigri á móti Færeyjum. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Enginn gat þá séð fyrir að glæsimark Guðrúnar Sæmundsdóttur beint úr aukaspyrnu á 54. mínútu í leik í Delmenhorst 6. september 1987 yrði eina mark Íslands á móti Þýskalandi í 30 ár.

Staðreyndin er hins vegar sú að íslenska liðið hefur ekki skorað hjá því þýska síðan. Liðin hafa mæst tíu sinnum á undanförnum 30 árum og markatalan er 39-0 þýska liðinu í vil. Síðasti leikur þjóðanna var í Algarve-bikarnum í mars 2014 og tapaðist hann 5-0. Mínúturnar nálgast nú þúsund.

### Jafntefli væri sigur

Nú er stóra spurningin hvort það sé komið að tímamótum á móti þýsku grýlunni. Jafntefli væri sigur fyrir okkar stelpur enda eitthvað sem þær hafa aldrei afrekað á móti einu allra besta kvennalandsliði heims. Leikurinn hefst klukkan tvö að íslenskum tíma. ooj@frettabladid.is

## Nýjast

**Domino's-deild karla í körfubolta**

**Keflavík - Grindavík 93-88**

**Keflavík**: Cameron Forte 20/15 fráköst/7 stoðsendingar, Ragnar Örn Bragason 14, Daði Lár Jónsson 10, Þröstur Leó Jóhannsson 9/6 fráköst, Guðmundur Jónsson 9, Reggie Dupree 9, Magnús Már Traustason 8.
**Grindavík**: Rashad Whack 31/5 stoðsendingar, Sigurður Gunnar Þorsteinsson 16/10 fráköst, Ingvi Þór Guðmundsson 13, Þorsteinn Finnbogason 9, Ólafur Ólafsson 9.

**KR - ÍR 88-78**

**KR**: Jalen Jenkins 30/10 fráköst/6 stoðsendingar, Kristófer Acox 17/11 fráköst, Brynjar Þór Björnsson 16, Sigurður Á. Þorvaldsson 11/4 fráköst, Björn Kristjánsson 9/8 stoð.
**ÍR**: Matthías Orri Sigurðarson 19/5 stoðsendingar, Ryan Taylor 19/11 fráköst, Danero Thomas 12, Daði Berg Grétarsson 10.

**Tindastóll - Þór Ak. 92-70**

**Tindastóll**: Sigtryggur Arnar Björnsson 20, Antonio Hester 18/7 fráköst, Pétur Rúnar Birgisson 17/11 fráköst/6 stoðsendingar, Christopher Caird 14/5 fráköst.
**Þór Ak.**: Sindri Davíðsson 23, Marques Oliver 21/15 fráköst, Ingvi Rafn Ingvarsson 14/5 stoðsendingar, Pálmi Geir Jónsson 4.

**Höttur - Valur 93-99**

**Höttur**: Aaron Moss 35, Mirko Stefan Virijevic 29/18 fráköst, Andrée Fares Michelsson 11, Ragnar Gerald Albertsson 9.
**Valur**: Austin Magnus Bracey 30, Urald King 29/17 fráköst, Sigurður Dagur Sturluson 13.

**Stig liðanna**

| Efst | | Neðst | |
|---|---|---|---|
| Stjarnan | 4 | Haukar | 2 |
| Keflavík | 4 | Njarðvík | 2 |
| Tindastóll | 4 | Þór Ak. | 2 |
| ÍR | 4 | Valur | 2 |
| KR | 4 | Þór Þ. | 0 |
| Grindavík | 4 | Höttur | 0 |

**Olís deild kvenna í handbolta**

**Fram - ÍBV 33-30**

**Markahæstar:** Þórey Rósa Stefánsdóttir 10, Ragnheiður Júlíusdóttir 8 úr Fram. Greta Kavalaauskaite 8 og Sandra Erlringsdóttir 7 hjá ÍBV.

**KR BYRJAÐ AÐ STYRKJA SIG**
Rúnar Kristinsson, nýráðinn þjálfari KR, er byrjaður að styrkja liðið sitt fyrir komandi tímabil í Pepsi-deildinni en KR-ingar sömdu í gær við bakvörðinn Kristin Jónsson og framherjann Björgvin Stefánsson. Kristinn Jónsson kemur frá Breiðabliki þar sem hann varð meðal annars stoðsendingakóngur deildarinnar 2015 en Björgvin Stefánsson frá Haukum þar sem hann skoraði 14 mörk í 19 leikjum í Inkasso-deildinni síðasta sumar. KR-ingar framlengdu líka samninga sína við lykilmennina Óskar Örn Hauksson og Skúla Jón Friðgeirsson. Allir fjórir gerðu þeir þriggja ára samning við Vesturbæjarliðið.




## Í dag

**18.50** West Ham - Brighton Sport 2
**19.45** Njarðvík - Stjarnan Sport
**22.00** Körfuboltakvöld Sport
**23.00** Bucks - Cavs Sport 3
**02.00** The CJ Cup Golfstöðin
**04.00** LPGA í Tævan Sport 4

*Domino's deild karla*
**19.15** Haukar - Þór Þorl.
**20.00** Njarðvík - Stjarnan

# Fólk

Lífsstíll

FÖSTUDAGUR 20. OKTÓBER 2017

# Góður mömmustrákur



Vesturbæingurinn og körfuboltastjarnan Kristófer Acox er í senn íslenskur, bandarískur og færeyskur. Hann segist vera kurteist ljúfmenni sem naut tvöfaldrar móðurástar og umhyggju. →2

MYND/EYÞÓR



**Tónlistarkonan Jónína Ara heldur útgáfutónleika í Kaldalóni í Hörpu í kvöld. Þar flytur lög af nýrri plötu sinni.** →4






LÍNAN BÆJARLIND 14 - 16 | KÓPAVOGUR | SÍMI 553 7100 | WWW.LINAN.IS | OPIÐ MÁNUDAGA TIL FÖSTUDAGA 11 - 18 LAUGARDAGA 11 - 16

Þórdís Lilja Gunnarsdóttir
thordisg@365.is



Kristófer segist vera einhæfur þegar kemur að hæfileikum en það gæti komið öðrum á óvart að hann syngur mikið þegar hann er einn heima. „Ég tel mig hafa þokkalega góða sönggrödd og það er aldrei að vita hvað ég geri við hana í framtíðinni.“ MYNDIR/EYÞÓR

Ég hef alltaf verið hógvær og kurteis, enda vel upp alinn af mömmu og ömmu. Ég held fast í það veganesti enda trúi ég að maður komist langt með því að vera almennilegur og ljúfur persónuleiki,“ segir Kristófer Acox sem vakið hefur eftirtekt fyrir fallegan talanda og heillandi framkomu í körfuboltasenunni.

„Ég er eina barn mömmu og mikill mömmustrákur. Ég ólst upp hjá mömmu og móðurömmu minni, sem féll frá 2011, en við vorum öll mjög náin. Ég naut mikils dekurs hjá þeim mæðgum og ef mamma vildi ekki gera eitthvað fyrir mig var amma alltaf tilbúin í staðinn og ég fékk það sem ég vildi og hafði allt til alls. Ég verð þeim að eilífu þakklátur, enda voru forréttindi að alast upp við tvöfalda ást og umhyggju,“ segir Kristófer og brosir blítt.

Barnsskónum sleit Kristófer í Vesturbænum þar sem hann hefur búið mestan part ævinnar. Hann gekk í Vesturbæjarskóla, Hagaskóla og Kvennaskólann í Reykjavík og æfði íþróttir hjá KR.

„Ég er KR-ingur í húð og hár. Lék fótbolta í níu ár og fór ekki að æfa körfubolta af viti fyrr en fjórtán ára. Mér gekk vel í fótboltanum, hafði mjög mikinn áhuga og stefndi á að verða atvinnumaður, en á sama tíma blundaði í mér áhugi fyrir körfubolta. Pabbi spilaði körfu og þegar ég lengdist upp í stóran slána vildu þjálfarar KR fá mig á æfingar. Ég mætti svona stundum en fann að áhuginn lá fótboltamegin,“ segir Kristófer sem árið 2008 komst í úrtak U15-landsliða beggja íþróttagreina og var valinn áfram í körfuboltalandsliðið.

„Þá ákvað ég að snúa mér alfarið að körfubolta enda taldi ég fleiri tækifæri liggja þar. Ég saknaði þó lengi vel fótboltans og fannst erfitt að hætta en þegar ég var kominn á fullt í körfunni sá ég ekki eftir neinu.“

## Rasskjöt og skerpikjöt í dálæti

Þegar Kristófer er beðinn um að lýsa sínum innri manni svarar hann:

„Ég er góður strákur, afspyrnu róleg og afslöppuð týpa, og hef góð áhrif á fólk. Yngri var ég feiminn og lítill í mér, átti erfitt með að kynnast nýju fólki og fara út fyrir þægindarammann. Það rjátlaðist af mér með árunum og gerði mér gott að flytjast vestur um haf þar sem háskólaárin mótuðu mig mun meira en ég átti von á. Ég þroskaðist mikið, varð opnari sem manneskja, fékk nýja lífssýn og önnur viðhorf.“



Kristófer finnst best að slaka á um helgar, fara í bíó, út að borða eða hafa það kósí heima með kærustunni, Dórótheu Jóhannesdóttur. Hann langar að eyða helginni í bústað í sveitinni og segist geta borðað endalaust af hlaupi, súkkulaði og ís. MYND/EYÞÓR

Kristófer horfir með hlýju til uppvaxtaráranna.

„Ég átti dásamlega æsku. Við vinirnir sem kynntumst í Vesturbænum og KR erum enn mjög nánir og eyddum dögunum í fótbolta, íþróttum og tölvuspili. Þegar kom að unglingsárunum í Hagaskóla lét ég allt partístand og áfengi eiga sig og það var aldrei neitt vesen á mér, enda stóð mamma sig gríðarlega vel í uppeldinu. Ég fann heldur aldrei fyrir fordómum vegna þess að ég var dekkri á hörund en flestir; í mesta lagi smá stríðni en aldrei neinu ljótu, sem betur fer.“

Móðir Kristófers er Edna María Jakobsen, hálf-færeysk.

„Ég er því einn fjórði Íslendingur, fjórðungur Færeyingur og hálfur Kani. Móðurfólk mitt býr flest í Færeyjum þangað sem við förum árlega og héldum jól á meðan ég ólst upp. Ég tala því bæði og skil færeysku og held mikið upp á færeyska skerpikjötið og rasskjötið,“ segir Kristófer sem ber hlýjan hug til Færeyja.

Faðir Kristófers er körfuboltamaðurinn Terry Acox sem lék með ÍA snemma á tíunda áratugnum.

„Körfubolti er mér því í blóð borinn og pabbi minn stærsta fyrirmynd. Við hittumst ekki fyrr en á unglingsárunum þegar ég fór í körfuboltabúðir með KR til Bandaríkjanna og ákveðið var að ég flygi í heimsókn til pabba í Suður-Karólínu á eftir. Pabbi tók mér innilega vel og seinna bjó ég hjá honum í ár og gekk í gagnfræðaskóla (e. high school). Við erum nánir og miklir vinir í dag og er ég mjög þakklátur fyrir samband okkar,“ segir Kristófer, sem þótti gott að hafa föður sinn, konu hans og yngri systur í tveggja tíma akstursfjarlægð frá Furman-háskólanum.

„Við pabbi erum heilmikið líkir. Við erum báðir þekktir fyrir að hoppa hátt en stökkkraftinn og líkamsburðina hef ég frá pabba. Þeir sem þekkja til segja okkur hafa sama göngulag og líkamstjáningu, og víst hef ég séð það sjálfur.“

## Langaði að verða tannlæknir

Kristófer útskrifaðist í vor með BA-gráðu í heilbrigðisvísindum frá Furman-háskóla í Greenville, Suður-Karólínu. Þar lék hann körfubolta með háskólaliðinu Furman Paladins.

„Mig langaði alltaf að verða tannlæknir og fór utan með það í huga en námið reyndist of strangt til að vera á fullu í körfuboltanum á sama tíma. Ég reyndi líka við tölvunarfræði en námið var of yfirgripsmikið með körfunni. Ég þurfti því að velja og hafna og valdi grunnnám í heilbrigðisvísindum sem er góður grunnur fyrir frekara nám á því sviði. Við sjáum nú til með tannlækninn en áður en ég tek næstu skref vil ég spila körfubolta eins lengi og ég get.“

Kristófer segir stóran mun á háskólaboltanum vestra og íslenskum körfubolta.

„Bandarískur háskólabolti er sér á parti og ekki jafn frjáls og boltinn hér heima. Kaninn heldur uppi ströngum aga því margir leikmanna koma úr slæmu umhverfi og þar gilda allt aðrar reglur. Æfingar eru langar, tíðar og strangar og tók tíma að aðlagast. Þá þurfti að sýna öllum leikmönnum sömu framkomu og þurfti ég að díla við margt sem átti ekki við sökum þess að næsti maður hafði ekki verið jafn heppinn og ég á uppvaxtarárunum.“

Kristófer dregur ekki dul á að það hafi tekið á að fara utan, úr öryggin og frá ættingjum og vinum heima.

„Í bíómyndum sér maður háskólaboltann í rósrauðum ljóma en veruleikinn er allt annar en maður átti von á. Ég þjáðist af heimþrá fyrstu tvö árin og var við það að gefast upp, en tímdi ekki að kasta frá mér tveimur háskólaárum og ákvað að halda þetta út. Þegar upp var staðið gerði þessi tími líka heilmargt gott fyrir mig sem körfuboltamann og einstakling, og ég sé alls ekki eftir honum.“

Kristófer er samningsbundinn Íslandsmeisturum KR út leiktímabilið en nýkominn heim frá Filippseyjum þar sem hann lék með körfuboltaliðinu Star Hotshots í lok leiktímabilsins eystra.

„Ég fílaði mig mjög vel á Filippseyjum en hafði aldrei dreymt um að fara þangað sökum flughræðslu og langs ferðalags. Körfubolti er stærsta sport Filippseyinga og deildinni skipt í þrennt. Í fyrstu deild mega Filippseyingar einir spila, í annarri deild mega hávaxnir útlendingar spila og í þeirri þriðju, sem ég lék í, má vera einn útlendingur en ekki hærri en 1,98 sentimetrar, sem er akkúrat mín hæð. Við komumst í undanúrslit en duttum þar út, og ég fer ekki aftur nema að annað tilboð berist næsta sumar.“

Kristófer segist hafa verið einkar sjúkdóma- og lífhræddur sem barn.

„Ég lá alltaf fyrir dauðanum þegar eitthvað smávægilegt kom upp á, en hef sem betur fer hrist það af mér. Á Filippseyjum fékk ég hins vegar ótal moskítóbit og fékk að vita á æfingu að tugur manna hefði látist af völdum moskítóbits þá vikuna. Það gerði mig létt nojaðan en annars er ég alveg slakur,“ segir hann hlæjandi.

## Með verndarengil ömmu

Kristófer dreymir um að komast í deild þeirra bestu, sama hvar í heiminum það er.

„Auðvitað er raunhæfast að eltast við stærri deildirnar í Evrópu en annars er maður í þessu til að setja sér markmið. Það væri draumur að spila í NBA, EuroLeague eða deildum af sama kalíberi, og auðvitað að fá að ferðast um heiminn og sjá mismunandi staði.“

Hann segir körfuboltann góðan skóla fyrir lífið.

„Hann hefur kennt mér að ekkert er sjálfgefið og að vinna þurfi fyrir hlutunum, sama hversu góður maður er. Í körfubolta, eins og í lífinu, þarf maður að leggja sig allan fram. Stundum eru leikir eða úrslit ósanngjörn, rétt eins og lífið stundum er, en þá skiptir máli hvernig brugðist er við. Ætlar maður að gefast upp, eða halda áfram og gera betur næst?“ spyr Kristófer, sem er ekki hjátrúarfullur fyrir leiki en gætir þess að borða og sofa vel og þarf helst að hlusta á Drake og fleiri rappa áður en hann fer út á gólfið.

„Ég hef líka alltaf meðferðis verndarengil sem amma mín gaf mér þegar ég flýg eða ferðast um langan veg og lét húðflúra engilinn hennar ömmu á vinstri handlegginn, mér til verndar. Þá skipta númer á treyjum mig frekar miklu máli. Í Bandaríkjunum var ég númer 21, sem er númer eins míns besta vinar úr fótboltanum, en hjá KR er ég með lukkutöluna mína 6.“

Í liðum sínum segist Kristófer færa liðsfélögunum orku og drifkraft.

„Ég er orkubolti sem reynir að skapa drífandi stemningu og vera leiðtogi. Ég veit ég hef góð áhrif á félaga mína og reyni allt sem í mínu valdi stendur til að hjálpa liðinu að vinna.“

Og Kristófer skortir ekki heilræði handa þeim sem vilja ná langt í íþróttum.

„Besta ráðið er að vinna alltaf meira en næsti maður og missa ekki trúna á sjálfum sér þótt á móti blási. Sjálfstraustið þarf að vera í lagi og maður má aldrei leyfa öðrum að eyðileggja fyrir manni eða telja úr manni kjark. Sama hvað gerist, skal maður alltaf halda áfram og vinna sem mest í sjálfum sér. Þá kemst maður eins langt og maður getur.“




**Fólk er kynningarblað** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir fréttablaðinu daglega.

**Umsjónarmenn efnis:** **Elín Albertsdóttir,** elin@365.is, s. 512 5349 | **Ragnheiður Tryggvadóttir,** heida@365.is, s. 512 5367 | **Sólveig Gísladóttir,** solveig@365.is, s. 512 5351 **Sigríður Inga Sigurðardóttir,** sigriduringa@365.is, s. 512 5372 | **Starri Freyr Jónsson,** starri@365.is, s. 512 5358 | **Vera Einarsdóttir,** vera@365.is, s. 512 5357

**Útgefandi:** 365 miðlar

**Ábyrgðarmaður:** Svanur Valgeirsson

**Sölumenn:** **Atli Bergmann,** atlib@365.Is, s. 512 5457 | **Jóhann Waage,** johannwaage@365.Is, s. 512 5439 | **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@365.Is, s. 512 5429 | **Ólafur H. Hákonarson,** olafurh@365.Is, s. 512 5433


lindex.is
Bolur
699,–
LINDEX

# Vill ekki setja tónlistina í box

Tónlistarkonan Jónína Ara heldur útgáfutónleika í Kaldalóni í Hörpu í kvöld. Hún ætlar að flytja lög af nýju plötunni sinni, Remember.



Sigríður Inga Sigurðardóttir
sigriduringa@365.is



Jónína ætlar að flytja eigin lög í Kaldalóni í Hörpu í kvöld. MYND/STEFÁN

Jónína Ara hefur fengist við tónlist um alllangt skeið og gítarinn er aldrei langt undan. Remember er önnur plata sem Jónína sendir sér en þetta er í fyrsta sinn sem hún kemur fram í Hörpu. „Ég samdi öll lög og texta á plötunni sjálf og verð með einvala lið með mér á sviðinu. Mér finnst fremur erfitt að setja tónlistina mína í ákveðið box en á plötunni má finna þjóðlagatónlist og blús, kántrí og rokk,“ segir Jónína, sem fjármagnaði plötuútgáfuna með söfnun á Karolina Fund. „Ég hef alltaf haft unun af tónlist. Ég er fædd og uppalin á Hofi í Öræfasveit og í sveitinni var ekki hægt að velja um eitthvert ákveðið hljóðfæri til að læra á. Ég fékk þó tækifæri til að læra á þau hljóðfæri sem voru til á heimilinu; gítar, harmóníku og píanó.“

## Trúbadorakeppnin kom öllu af stað

Jónína fór með sigur af hólmi í trúbadorakeppni Rásar 2 árið 2003 og það varð til þess að hún ákvað að reyna frekar fyrir sér í tónlist. „Til gamans sendi ég lag inn í keppnina og það var auðvitað mjög gaman að vinna. Það var mikil hvatning og varð til þess að ég ákvað að fara til Danmerkur í tónlistarnám. Fyrst fór ég á gítarbraut og síðan á tæknibraut þar sem ég lærði hljóðblöndun fyrir stúdíó og tónleikahald. Ég vildi líka vita hvernig tæknin virkaði og það var bæði áhugavert og lærdómsríkt,“ rifjar Jónína upp.

## Allir vilja slá í gegn

Þaðan lá svo leiðin til Los Angeles í þriggja ára tónlistarnám við Musicians Institute. Jónína lauk diplóma í Associate in Art and Performance með Independent Artist sem aukafag. Hún segir Los Angeles mjög líflega og skemmtilega borg en þar snúist þó allt um að koma sér á framfæri. „Það er mikil keppni í gangi og allir að reyna að slá í gegn. Auðvitað er mikil tenging við tónlist í LA, ég söng mikið, samdi tónlist og hlustaði á tónlist en ég kom líka heim á hverju ári til að vinna og ná góðu jarðsambandi.“

Að námi loknu tók við þriggja vikna tónleikaferð um Bandaríkin. Jónína ók á milli staða með tjald í skottinu og gítarinn í aftursætinu. „Um leið og ég var komin út fyrir LA var fólk svo opið og fannst gaman og spennandi að hitta einhvern frá öðru landi sem kom að spila. Það var yndislegt og mjög gefandi. Ég flutti svo heim aftur en ári síðar fór ég aftur út og túraði með sænskri vinkonu minni um alla vesturströnd Bandaríkjanna.“

> **Ég samdi öll lög og texta sjálf og verð með einvala lið með mér á sviðinu. Mér finnst fremur erfitt að setja tónlistina mína í ákveðið box en á plötunni má finna þjóðlagatónlist og blús, kántrí og rokk.**

## Evrópuferð í spilunum

Hér heima hefur Jónína víða komið fram. Undanfarin fjögur ár hefur hún spilað „off venue“ á Airwaves tónlistarhátíðinni og ætlunin er að spila á hátíðinni í ár. „Ég er að skipuleggja túr um Evrópu á næsta ári og svo er stefnan að koma fram hér heima en það verður ekki fyrr en eftir áramótin. Mér finnst gaman að vera frjáls og gera það sem mér dettur í hug. Ég viðurkenni alveg að það er ekki alltaf auðvelt fyrir konur að koma sér áfram innan tónlistarbransans en ég hef trú á sjálfri mér og gaman af því sem ég er að gera svo ég læt það ekki stöðva mig.“




aldrei þykkni.
enginn viðbættur sykur.
bara ávextir & grænmeti.
Spírulína
Sítróna
Pera
Grænkál
PEAR, KALE &
LEMONGRASS
SMOOTHIE
new
green,
clean and
pearfect.
froosh
fruit: bottled
frooshiceland
#frooshiceland
froosh
fruit: bottled

# Pottréttur fyrir haustið

Bragðmiklir pottréttir eiga vel við haustið. Þeir þurfa dálítinn undirbúning en verða þeim mun betri sem þeir fá lengur að malla. Eftirfarandi uppskrift er fengin af síðunni foodandwine.com

## Nautakjötspottréttur

fyrir um það bil 4.

**1 msk. ósalt smjör**
**2 msk. ólífuolía**
**1 kg nautakjöt**
**Salt**
**Mulinn svartur pipar**
**1 bolli saxaður laukur**
**1 msk. saxaður hvítlaukur**
**1 msk. hveiti**
**750 ml þurrt rauðvín**
**2 lárviðarlauf**
**1 grein timjan**
**150 grömm pancetta**
**15 perlulaukar eða litlir chipollini laukar flysjaðir**
**15 cremini sveppir**
**15 litlar gulrætur**
**Sykur**
**Söxuð steinselja til skrauts**

Hitið ofninn í 175 gráður. Bræðið smjör í ólífuolíu í stórum emaleruðum potti. Raðið kjötinu í bitum í pottinn og saltið og piprið. Brúnið kjötið á hæfilega háum hita á öllum hliðum, eða í u.þ.b. 8 mínútur. Bætið söxuðum lauk og hvítlauk út í og hrærið öðru hvoru þar til laukurinn er mjúkur, í u.þ.b. 5 mínútur. Stráið hveiti yfir og veltið kjötinu til. Bætið þá rauðvíni, lárviðarlaufum og timjan út í. Saltið og piprið. Látið suðuna koma upp og hrærið vel upp af botninum til að ná brúnu steikingunni af botninum.

Setjið lokið yfir og færið pottinn yfir í ofninn. Látið malla í ofninum í 1 ½ tíma eða þar til kjötið er mjúkt og sósan bragðmikil.

Á meðan kjötið mallar í ofninum skal demba pancettunni í pott ásam tveimur bollum af vatni. Látið suðuna koma upp, lækkið hitann og látið malla í 30 mínútur. Hellið vatninu þá af og skerið pancettuna í bita.

Blandið saman á stórri pönnu, pancettunni, perlulauk, sveppum og gulrótum. Bætið 1 msk. af ólífuolíu út í, ¼ bolla af vatni og vænni klípu af sykri, salti og af pipar. Látið suðuna koma upp og látið malla undir loki þar til næstum allt vatn er soðið burt, eða í u.þ.b. 15 mínútur. Takið lokið af, hækkið hitann og veltið öllu um á pönnunni þar til grænmetið er mjúkt og brúnað.

Takið pottinn úr ofninum og hrærið slatta af pancettublöndunni saman við kássuna en hellið restinni yfir. Stráið svo saxaðri steinselju yfir að lokum og berið fram.



Pottréttur sem fær að malla í ofni er tilvalinn haustréttur að bjóða gestum um helgina. NORDICPHOTOS/GETTY

www.foodandwine.com






## Brownie með karamellusósu

**4 stór egg**
**1 bolli sykur**
**1 bolli púðursykur**
**230 g bráðið smjör**
**1¼ bolli kakó**
**2 tsk. vanilluextrakt**
**½ bolli hveiti**
**½ tsk. salt**
**Súkkulaðibitar**

Þeytið eggin þar til þau eru létt og ljós. Bætið öllum sykrinum út í og loks restinni af hráefnunum. Hrærið saman. Hellið deiginu í smurt form, stingið nokkrum súkkulaðibitum í deigið hér og þar og bakið við 150 gráður í 45 mínútur.
Látið kólna og skerið þá niður í bita.

### Einföld karamellusósa

**1 bolli púðursykur**
**½ bolli matreiðslurjómi**
**4 msk. smjör**
**Klípa af salti**
**1 msk. vanilluextrakt**

Setjið allt í pott yfir lágan hita. Látið malla og hrærið í þar til blandan fer að þykkna, eða í um 5 til 7 mínútur. Bætið vanillu út í og látið malla í mínútu í viðbót. Takið af hitanum og látið kólna. Hellið í krukku og geymið í ísskáp. Hellið yfir eitt og annað, til dæmis nýbakaða brownie. www.foodnetwork.com

www.foodnetwork.com


Gæði – alla leið!
ÍSLENSKA SVEITIN OG SS – FYRIR ÞIG
„Fyrir mig skipta gæði hráefnisins öllu máli.
Það er frábært að vita að SS, fyrirtæki í eigu bændanna sjálfra, sækir gripina heim á bæ og tryggir gæði alla leið. Það gerir mína matseld enn betri.“
Systkinin í Efstadal eru hluti þeirra 900 bænda sem saman eiga SS.
RAGNAR FREYR INGVARSSON
LÆKNIRINN Í ELDHÚSINU
SS
Síðan 1907

ÁRNASYNIR


Hér er dæmi um tvílitt hár þar sem skilin eru skörp.


Drew Barrymore með vel heppnaðan bræðing. Skilin eru hvergi skörp og útkoman er eins og endarnir hafi upplitast í sól.


Leikkonan Sarah Jessica Parker kemst upp með talsverða rót með því að tvílita hárið.

# Bræðingur í hárið

Hártískan tekur sífelldum breytingum. Síðastliðin misseri hefur tvílitt hár átt vinsældum að fagna en nú er komið fram afbrigði sem kallast bræðingur og þykir ekki síðra.

Tvílitt hár, þar sem rótin fær að njóta sín og aðeins endarnir eru lýstir, hefur átt vinsældum að fagna. Útkoman er svolítið eins og hárið hafi upplitast í sól og ekki þarf að hafa miklar áhyggjur af því að fela rótina. Til að ná því fram eru yfirleitt notaðir tveir litir. Einn í rót og annar í endana.

Nú er hins vegar í auknum mæli farið að bjóða upp á svokallaðan bræðing en þá er um að ræða þrjá liti sem gera skilin frá dökku yfir í ljóst enn óræðari og útkomuna náttúrulegri. Rótin er lituð dökk og endarnir ljósir en auk þess er valinn millilitur í miðju hársins sem tengir andstæðurnar saman. Þessi litunaraðferð hentar sérstaklega þeim sem eru með dökkt hár en kjósa engu að síður ljósa lokka og gerir það að verkum að hægt er að láta líða lengri tíma á milli litana. Hún þykir líka tilvalin yfir haust- og vetrartímann enda eiga margir það til að dekkja hár sitt þá.

Fjölmargar dökkhærðar leikkonur hafa skartað tvílitu hári að undanförnu og má gera ráð fyrir að þær kunni ekki síður vel við bræðinginn.


Hér má sjá fallegan bræðing, dökka rót, ljósa enda og millilit sem tengir andstæðurnar saman.


## JÓLABLAÐ FRÉTTABLAÐSINS

Stóra jólablaðið frá Fréttablaðinu kemur út þriðjudaginn 28. nóvember.

Blaðið er stútfullt af allskonar skemmtilegu efni tengdu jólunum.

**Áhugasamir auglýsendur hafið samband við auglýsingadeild sérblaða í síma 512 5402**





Stelpurnar í ZikZak hlakka mikið til að taka á móti viðskiptavinum með pompi, prakt, happdrætti og sparitilboðum á sérstakri hátíðarhelgi í tilefni 30 ára afmælis Kringlunnar.

# Hátíðarstemming í ZikZak

## ZikZak kynnir glæsilega og glænýja jóla- og náttfatalínu um helgina. Verslunin er hlaðin gullfallegum sparifatnaði á góðu verði og glæsileg náttfatalínan verður á tilboði alla helgina.

ZikZak-jólalínuna prýðir úrval yndisfagurs hátíðarfatnaðar; kjólar, sokkar, túnikur, bolir og leggings,“ segir Berglind Ásgeirsdóttir, annar eigandi verslunarinnar. Hún segir jólaklæði ZikZak einstaklega glæsileg og vel heppnuð. „Gull og silfur er áberandi, sem og falleg munstur og glimmer. Sniðin henta konum á öllum aldri og er úrvalið sniðið að þörfum ólíkra viðskiptavina, í stærðunum 36 til 56.“

Markmið jólalínu ZikZak er að geta boðið falleg og flott hátíðadress á góðu verði, líkt og fyrir jólin í fyrra. „Þá leyndi sér ekki einlæg ánægja viðskiptavina okkar með góð verð á sparifatnaði og því höldum við áfram að bjóða ódýr en glæst spariklæði, eins og jólakjóla frá 5.990 krónum og leggings frá 2.990 krónum,“ segir Berglind og bætir við að silfurlitur fatnaður falli einkar vel í kramið þetta árið enda klassískur og sparilegur.

Það er mikið líf í ZikZak þessa dagana því nýlega fengu stelpurnar fallegar úlpur í stærðunum 36 til 56, bæði stuttar og síðar.

„Við höfum áður verið með eins úlpur sem kláruðust á nokkrum dögum. Úlpurnar eru léttar og þægilegar, með 100 prósent pólýester-fyllingu. Þær eru einkar klæðilegar og kosta aðeins 12.990 krónur, sem að mínu mati er gjafverð fyrir jafn gæðalegar og góðar úlpur,“ segir Berglind um töfrandi úlpurnar sem eru vinsælar í jólapakkann.

„Þá er gaman að segja frá því að við bjóðum nú upp á einstaklega falleg og kósí náttföt í stærðunum 36 til 56. Þessi nýja viðbót er að



Það er bæði hlýlegt og huggulegt að sveipa utan um sig síðri peysu.



Hátíðarfatnaður ZikZak er undurfagur og sniðinn fyrir allar konur.



Glæsileg túnika í svörtu, hvítu og silfri við svartar sparileggings.



Silfur og gull er áberandi í jólafatnaði ZikZak og hvers kyns glamúr.



Nýju náttfötin frá ZikZak eru falleg og notaleg gjöf í jólapakkann.

vekja ótrúlega lukku hjá okkur og eru náttfötin seld í setti sem samanstendur af toppi og buxum. Náttfatasettin kosta 4.990 krónur en verða á sérstöku kynningartilboði yfir helgina, á 3.990 krónur og eru einkar spennandi í jólapakkann.“

Í tilefni þess að Kringlan heldur upp á 30 ára afmæli sitt um helgina vill Berglind og starfsfólk ZikZak koma áleiðis innilegum hamingjuóskum og bjóða alla viðskiptavini velkomna í sérstaka hátíðarhelgi.

„Hjá okkur verður brjáluð stemming og fullt af flottum tilboðum, eða 20 til 50 prósent afsláttur af völdum vörum og sérstakt kynningartilboð á náttfatalínunni. Þá bjóðum við upp á léttar veitingar og stórglæsilegt happdrætti í versluninni. Á meðal vinninga eru miðar á Jólagesti Björgvins, gjafabréf á Grillmarkaðinn og 50 þúsund króna gjafabréf úr ZikZak,“ segir Berglind og hlakkar mikið til að taka á móti viðskiptavinum í hátíðarstemmingu í ZikZak Kringlunni og ZikZak á Glerártorgi á Akureyri.



# Taco skeljar úr spínati

Uppskriftin gefur 4 skeljar

**100 g ferskt spínat**
**4 bollar sjóðandi vatn**
**2 egg**
**4 matskeiðar hveiti**
**½ bolli rifinn ostur**

Hitið ofninn í 200 gráður. Setjið ferskt spínat í skál og hellið sjóðandi vatni yfir. Setjið lok yfir og látið standa í tvær mínútur. Setjið næst heitt spínatið ofan í skál með ísmolum, hrærið aðeins og látið kólna. Kreistið allt vatn úr spínatinu með höndunum og eldhúsrúllu og skerið það niður. Setjið spínatið, ostinn, eggin og hveitið í skál. Hrærið vel saman. Skiptið í fjórar kúlur, mótið þunnar kökur sem settar eru á bökunarpappír. Bakið í ofni við 200 gráður í 15 mín. eða þar til þær eru gulbrúnar og stökkar. Kælið í smá stund áður en borið er fram. Notið fyllingu að vild, t.d. kjúkling, fisk eða grænmeti ásamt viðeigandi sósum og köldu grænmeti.



# Ekki lengur blátt blóð

Þótt allir viti að tíðablóð sé rautt þá hafa framleiðendur dömubinda kosið að hafa það blátt. Í nýrri auglýsingu frá breska fyrirtækinu Bodyform á dömubindum er blóðið loks orðið rautt. Í auglýsingunni sem hefur vakið mikla athygli er rauðu blóði hellt úr blóðprufuglasi í dömubindi. Þá má einnig sjá hvar blóð lekur niður læri ungrar konu þar sem hún stendur í sturtu. Fyrirtækið kallar þessa nýju markaðsherferð sína #Bloodnormal og á að beina sjónum að því að blæðingar kvenna séu eðlilegar og ekkert tabú.

Fyrirtækið gerði rannsókn á netinu áður en auglýsingin var birt. Það voru 10.017 sem svöruðu, jafnt konur og karlar. 74% vildu að auglýsingar væri raunverulegri en verið hafði. Þátttakendur voru frá mörgum löndum og voru á aldrinum 13-50 ára. Auglýsingin hefur fengið mjög góð viðbrögð á YouTube þar sem hún hefur fengið mikið áhorf.

# Góðar ástæður til að sleppa ræktinni

Dugnaður í ræktinni er auðvitað frábær og yfirleitt líður manni betur eftir æfingu, en stundum er betra að sleppa æfingu án þess að hafa samviskubit.

- Ef læknir ráðleggur þér að forðast áreynslu áttu að hlýða. Þá er betra að taka því rólega, teygja og njóta lífsins. Annars er hætta á að þér líði bara verr.
- Þegar þú hefur drukkið áfengi er betra að fresta æfingunni til morguns. Áfengið skerðir frammistöðu og veldur þurrki, sem eykur hættuna á meiðslum.
- Ef þú finnur fyrir mjög miklum vöðvaverkjum er tími til að slaka á. Vöðvarnir byggjast upp þegar þú hvílir og það má ekki brjóta sig niður með því að hamast of mikið.
- Þó að létt æfing geti verið í lagi ef maður er með smá kvef getur erfið æfing gert illt verra ef maður er veikur. Ef þér líður illa er nauðsynlegt að leyfa líkamanum að jafna sig.
- Ef þú ert meiddur getur æfing gert meiðslin verri og valdið því að þú þurfir langt hlé. Þá er betra að slaka á í nokkra daga.
- Í fríi getur verið gott að sleppa æfingu. Þú getur fengið meira út úr því að eiga góða stund með ástvinum og upplifa eitthvað nýtt en að fara í ræktina. Ræktin fer ekkert, en fríið endist stutt.
- Ef þú ert leiður á æfingum getur verið hollt að taka smá pásu. Gott hlé getur endurvakið áhugann og ef þú nennir alls ekki að mæta gæti verið tími til að breyta til. Ekki hætta á að brenna út.



**Það er mikilvægt að æfa skynsamlega svo maður valdi sér ekki skaða.** MYND/NORDICPHOTOS/GETTY



# Smáauglýsingar

**512 5000**
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

## Bílar & Farartæki

**STÓRA BÍLASALAN**



**NÝTT ÖKUTÆKI**
FORD Tourneo Custom. Árgerð 2017, Dísel, Sjálfskiptur 6 gírar. Verð 4.980.000. Rnr.136608.



**NÝTT ÖKUTÆKI**
FORD Transit FT460 18 manna 155hö. Árgerð 2017, dísel, beinskiptur. Verð 4.980.000. Rnr.159909.

**Stóra bílasalan**
**Kletthálsi 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 5861414**
**http://www.stora.is**

**VAKA**



Öruggir Vinnuvéla-Lyftara og Bifreiðaflutningar á verði fyrir þig.

**Vaka**
**Skútuvogi 8, 104 Reykjavík**
**Sími: 567 6700**
**24 tíma þjónusta**
**http://www.vakahf.is**

**bilfang.is S. 567 2000**



**GLÆSILEGUR !**
Range Rover Evoque SE+ Diesel 03/2014 ek 50 þ.km Leður, glerþak ofl, verð 5490 Þús.

**Bílasalan Bílfang**
**Malarhöfða 2, 110 Rvk.**
**Sími: 567 2000**
**Seljum í dag !**
**www.bilfang.is**

**BÍLA GALLERÍ**



**VERÐ 5.690 - 5.940 ÞÚS!**
NÝR LAND ROVER DISCOVERY SPORT DÍSEL Árgerð 2017, Sjálfskiptur. 20" ÁLFELGUR OG 17" ÁLFELGUR, OFL. Verð 5.940Þ. Rnr.102036. EINNIG TIL GRÁAR 20" ÁLF



**NÝJIR DISCOVERY SPORT**
NÝR LAND ROVER DISCOVERY SPORT DÍSEL Árgerð 2017, Sjálfskiptur. 17" ÁLFELGUR, OFL. Verð 5.690 Þ Raðnr.111538.ER Á STAÐNUM !

**Bílagallerí bílasala**
**Hlíðasmári 13, 201 Kópavogur**
**Sími: 554 6700**
**www.bílagalleri.is**

**SUZUKI**



SUZUMAR gúmmíbátar. Uppblásnir slöngubátar með álgólfi og mikla burðargetu. Til í stærðum frá 2,9m - 4,2m. Verð frá 255.000.- kr.

**SUZUKI UMBOÐIÐ ehf**
**Skeifunni 17, 108 Reykjavík**
**Sími: 565-1725**
**suzuki@suzuki.is**
**Suzuki.is / suzukisport.is**

## Hjólhýsi



**HOBBY HJÓLHÝSI 2018 STÓRSPARNAÐUR!**
Nú er rétti tíminn til að panta Hobby hjólhýsi fyrir vorið beint frá Evrópu. Við aðstoðum þig. Allar fyrirspurnir sendist á: kriben@simnet.is s. 863 4449

## Hjólbarðar

**VAKA**



**NÝJU SAILUN DEKKIN Á FRÁBÆRU VERÐI.**
Einnig úrval notaðra dekkja. Tökum notuð uppí ný. Vaka s. 567 6700

## Þjónusta

## Pípulagnir

**PÍPULAGNIR**
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Uppl. í s. 663 5315

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Hreingerningar

**Hreingerningaþjónusta Þvegillinn 5 44 44 46**

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

**VY-ÞRIF EHF.**
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Málarar

Getum bætt við okkur inni verkefnum. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf. Sigurður 896-5758

## Húsaviðhald

Verktakafyrirtæki getur bætt við sig uppsteypu mannvirkja, járnabindingu og allri almennri trésmíðavinnu. Uppl. í s. 783 6006

## Nudd

**NUDD**
Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Sími 694 7881, Zanna.

Unaðsnudd 105 Reykjavík. S. 781 2666 Natalia



## Rafvirkjun

**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.**
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

# Keypt & Selt

## Til sölu



**LOK Á HEITA POTTA OG HITAVEITUSKELJAR.**
Stærðir í cm: 200x200, 210x210, 220x220, 235x235, 235x217, 217x174, 8 hyrnd lok. Lokin þola 1000 kg jafnaðarþunga af snjó. Vel einangruð og koma með 10 cm svuntu. Sterkustu lokin á markaðnum. Litir: Brúnt eða Grátt. Opnarar til þess að auðvelda opnun á loki. www.Heitirpottar.is Sími 777 2000 Haffi og 777 2001 Grétar

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Alla virka daga í verslun okkar Laugavegi 61 Jón & Óskar
**jonogoskar.is s.552-4910**

# Heilsa

## Nudd




**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. S. 698 8301 www.tantratemple.is

# Tómstundir & Ferðir

## Fyrir veiðimenn




# Húsnæði

## Húsnæði í boði

**TIL LEIGU NÝLEGT 133 - 1.000 FM ATVINNUHÚSNÆÐI Í REYKJAVÍK**
133 fm bil með allt að 9 m lofthæð, stórar innkeyrsludyr, góð malbikuð lóð, og greið aðkoma.
**Nánari upplýsingar veitir Sverrir í s. 661 7000**

## Geymsluhúsnæði

**WWW.GEYMSLAEITT.IS FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR**
á minna en 7 m2. Ódýrt eftir það. S: 564-6500

Örfá pláss laus fyrir tjaldvagna og lítil fellihýsi. Uppl s. 892 8774

**GEYMSLUR.IS SÍMI 555-3464**
Suma hluti er betra að geyma. Geymslur fyrir dánarbúið, allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

## Hönnun

**KG HÖNNUN**

**VERKFRÆÐITEIKNINGAR**
Tek að mér að gera verkfræðiteikningar af íbúðarhúsum og sumarhúsum. Fast verð. Upplýsingar í síma 783 4180 eða kjartangardars@gmail.com

# Atvinna

## Atvinna í boði

**VITABAR - 11-18 VIRKA DAGA.**
Starfskraft vantar , mánud.-föstud. 11-18. Vantar einnig á kvöld og helgarvaktir.
Umsækjendur þurfa að vera orðnir 20 ára.
**Umsóknir sendist á vitabar@internet.is**

Mekléjam strádnieku (us) kam ir pieredze darbam ar formám un betonésanu. 7600732 +371 28346292

## Skemmtanir





HAPPY HOUR ALLA DAGA!! kl. 16-19

**Cafe Catalina**
Hamraborg 11 • 200 Kópavogur • Sími 554 2166 • www.catalina.is
*"Best geymda leyndarmál Kópavogs"*

**LEIKIR HELGARINNAR:**
**Laugardaginn 21. okt**
13:50 Huddersfield - Man. United
**Sunnudaginn 22. okt**
12:20 Everton - Arsenal
14:50 Tottenham - Liverpool

**Vinir Upplyftingar spila um helgina**
Ari Jóns, Siggi Dag og Biggi



Föstudag frá 00:00 - 03:00
Laugardag frá 00:00 -03:00

Gullnáman

Heitur matur í hádeginu alla virka daga • Boltatilboð • Happy hour • Lifandi tónlist allar helgar


## Tilkynningar

**Reykjavíkurborg**
Umhverfis- og skipulagssvið

### Auglýsing um tillögur að breyttu deiliskipulagi í Reykjavík

**Í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, eru hér með auglýstar tillögur að breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík.**

**Laugavegur 143 og 145**
Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 4. október 2017 og borgarráði Reykjavíkur þann 12. október 2017 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi fyrir lóðirnar 143 og 145 við Laugaveg. Í breytingunni felst m.a. að færa húsin nær upphaflegri hönnun húsanna, fjölga íbúðum, rífa núverandi rishæðir, hækka húsin um eina hæð og byggja nýja rishæð þar ofan á ásamt því að reisa nýja viðbyggingu við Laugaveg 145. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

**Lambhagavegur 27 og 29**
Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 4. október 2017 og borgarráði Reykjavíkur þann 12. október 2017 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Lambhaga vegna lóða nr. 27 og 29 við Lambhagaveg. Í breytingunni felst tilfærsla á lóðarmörkum þannig að lóð Lambhagavegar 29 stækkar og lóð Lambhagavegar 27 minnkar. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

**Efstaland 26**
Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 4. október 2017 og borgarráði Reykjavíkur þann 12. október 2017 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á skilmálum deiliskipulags fyrir lóðina nr. 26 við Efstaland. Í breytingunni felst að bætt er við texta skilmála ákvæði sem skilgreinir leyfilegan flokk gistiaðstöðu og veitingaþjónustu á 3. hæð hússins. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillögurnar er einnig hægt að fara yfir á skjá og tölvu í þjónustuveri Reykjavíkurborgar að **Borgartúni 12-14**, 1. hæð, virka daga kl. 8:20 – 16:15 **frá 20. október 2017 til og með 1. desember 2017.** Einnig má sjá tillögurnar á vefnum, ***www.reykjavik.is***, skipulag í kynningu. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillögurnar. **Ábendingum og athugasemdum við tillögurnar skal skila skriflega til skipulagsfulltrúa eða á netfangið *skipulag@reykjavik.is*, eigi síðar en 1. desember 2017. Vinsamlegast notið uppgefið netfang fyrir innsendar athugasemdir með tölvupósti.**

Reykjavík 20. október 2017
Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur

Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík, sími: 411 1111, www.reykjavik.is


Við gætum verið með næsta starfsmann mánaðarins á skrá

Ráðgjafar okkar búa yfir víðtækri þekkingu á atvinnulífinu og veita trausta og persónulega ráðgjöf.

capacent

www.capacent.is

# hairmilk

## SÉRHÖNNUÐ SJAMPÓ FRÁ NIVEA




ENDURNÝJA ÞURRT, SKEMMT HÁR ÁN ÞESS AÐ ÞYNGJA ÞAÐ.
INNIHALDA NÁTTÚRULEG MJÓLKURPRÓTEIN OG EUCERIT®.

**NIVEA GERIR HÁRIÐ FALLEGT**

**NIVEA.com**

## Merkisatburðir

**1728** Eldur kemur upp í Kaupmannahöfn og stendur í þrjá daga. Þá brennur mikill hluti bókasafns Árna Magnússonar en flest skinnhandrit bjargast.

**1905** Landsdómur er stofnaður til að dæma í málum gegn ráðherrum fyrir brot á stjórnarstörfum.

**1951** Varðskipið Þór kemur til landsins, stærsta skip sem þá hafði annast strandgæslu hér við land. Skipið var síðar selt Slysavarnafélaginu.

**1971** Rapparinn Snoop Dogg fæðist.

**1989** Borgarleikhúsið í Reykjavík er vígt. Það hafði verið þrettán ár í byggingu. Húsið er rúmir tíu þúsund fermetrar að flatarmáli. Í því eru tveir salir, annar tekur 570 manns í sæti, hinn 270 manns.

**1999** SkjárEinn hefur sjónvarpsútsendingar.

ÞETTA GERÐIST ÁRIÐ 1977

## Flugvél hljómsveitarinnar Lynyrd Skynyrd hrapaði




Það var á þessum degi árið 1977 sem flugvél hljómsveitarinnar Lynyrd Skynyrd hrapaði í Mississippi með þeim afleiðingum að þrír meðlimir sveitarinnar létust. Þegar vélin hrapaði var hljómsveitin á leið til Baton Rouge í Louisiana frá Greenville í Suður-Karólínu. Aðalsöngvari hljómsveitarinnar, Ronnie Van Zant, gítarleikarinn Steve Gaines og Cassie Gaines, bakraddarsöngkona og systir Steve, létust ásamt rótaranum Dean Kilpatrick.

Flugmenn vélarinnar, þeir Walter McCreary og William Gray, létust einnig. Fjöldi fólks slasaðist alvarlega og þar á meðal nokkrir meðlimir Lynyrd Skynyrd. Slysið varð þremur dögum eftir að sveitin sendi frá sér plötuna Street Survivors. Sú plata náði miklum vinsældum. Upprunalega plötuumslagið sýndi meðlimi sveitarinnar og mikinn eld í kring. Ekkja Steve Gaines óskaði eftir að umslaginu yrði breytt af virðingu við þá látnu. Það var gert og mynd af hljómsveitinni upp við svartan bakgrunn prýddi nýja plötuumslagið.

---



Okkar innilegustu þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar elskulegrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

**Margrétar Sigurjónsdóttur**

sem lést á Hrafnistu í Hafnarfirði 22. sept. síðastl. Öllu því starfsfólki sem annaðist hana af alúð og virðingu færum við hugheilar þakkir.

**Vilborg Jóhannsdóttir**
**Pétur Jóhannsson**
**Hafdís Jóhannsdóttir og þeirra fjölskyldur.**

---



Ástkær systir okkar, mágkona og frænka,

**Ólína Þórey Tómasdóttir**

frá Tómasarhaga við Laugarásveg, Reykjavík,

lést á hjúkrunarheimilinu Droplaugarstöðum 13. október. Útförin fer fram frá Áskirkju í Reykjavík miðvikudaginn 25. október klukkan 15.00.

**Bryndís Tómasdóttir**
**Stefán og May Tómasson**
**Tómas Tómasson**
**Messíana Tómasdóttir og Pétur Knútsson**
**og aðrir aðstandendur.**

---



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir og amma,

**Guðmunda Davíðsdóttir**

lést á hjúkrunarheimilinu Eiri 28. september. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu. Aðstandendur vilja þakka starfsfólki hjúkrunarheimilisins Eirar fyrir afar góða umönnun á undanförnum árum.

**Elínborg Einarsdóttir** — **Karl S. Hallgrímsson**
**Matthías Einarsson** — **Aðalheiður Magnúsdóttir**
**Guðmundur Einarsson**
**Hrefna Einarsdóttir**
**Halla Eiríksdóttir** — **Sigvaldi Ragnarsson**
**Davíð Pálsson** — **Sigrún Ágústsdóttir**
**Páll S. Pálsson** — **Hildur Gunnarsdóttir**
**og fjölskyldur.**

---



Hjartans þakkir fyrir hlýhug og kveðjur vegna andláts eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,

**Ingólfs Óttars Örnólfssonar**

Stýrimannastíg 2.

**Elína Helga Hallgrímsdóttir**
**Ragnhildur Ingólfsdóttir** — **Guðlaugur Örn Þorsteinsson**
**Guðrún Anna Ingólfsdóttir** — **Jón Þór Þorvaldsson**
**Hallgrímur Ingólfsson** — **Ellý Sigfúsdóttir**
**Guðríður Arna Ingólfsdóttir** — **Kristinn Valur Kristófersson**
**Elína Margrét Ingólfsdóttir** — **Þorvaldur Björnsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Elís Rósant Helgason,**

Vesturbergi 21, Reykjavík,

lést á Landspítalanum í Fossvogi mánudaginn 16.október. Útförin fer fram frá Digraneskirkju föstudaginn 27. október kl. 13. Blóm og kransar vinsamlegast afþökkuð en þeir sem vilja minnast hans láti líknarfélög njóta þess.

**Inga G. Guðmannsdóttir**
**Guðmann Elísson** — **Anne Katrine Hame**
**Valborg Huld Elísdóttir** — **Björn Geir Ingvarsson**
**Úlfhildur Elísdóttir** — **Snæbjörn Tr. Guðnason**
**Elsa Kristín Elísdóttir** — **Gunnar Viggósson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**Jón Hallur Ingólfsson**

bankastarfsmaður frá Sauðárkróki,

lést á Heilbrigðisstofnun Norðurlands á Sauðárkróki fimmtudaginn 12. október. Útför hans fer fram laugardaginn 21. október kl. 13.30 frá Sauðárkrókskirkju. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Utanfarasjóð sjúkra, Skagafirði, eða Krabbameinsfélag Skagafjarðar.

**Aðalbjörg Þuríður Sigfúsdóttir**
**Jóhann Jónsson** — **Helena Sif Þorgeirsdóttir**
**Hulda Jónsdóttir** — **Páll Ragnar Pálsson**
**Hallgrímur Ingi Jónsson** — **Guðrún Björg Egilsdóttir**
**Kristveig Anna Jónsdóttir** — **Þorsteinn Þórarinsson**
**og barnabörn.**

---



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Björn Ólafsson**

fyrrverandi skólastjóri, Miðleiti 8,

sem lést 10. október sl., verður jarðsunginn frá Hafnarfjarðarkirkju þriðjudaginn 24. október kl. 15.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vildu minnast hans er bent á Minningarsjóð krabbameinslækningadeildar Landspítalans.

**Sigrún Pétursdóttir**
**Ólafur Björnsson** — **Guðbjörg Sigurbjörnsdóttir**
**Ásta G. Björnsdóttir** — **Sigurjón Ívarsson**
**Sigrún Birna Björnsdóttir** — **Eyjólfur Högnason**
**Kolbeinn Björnsson** — **Kristín Þóra Jónsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@365.is**.

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma 512 5000.

---



Okkar elskulegi sonur, bróðir, faðir og frændi,

**Jón Brynjólfsson**

flugvirki,

andaðist þann 15. október á spítala í New York. Bálför mun verða í Ctr. Moriches, New York, laugardaginn 22. október.

**Fjölskyldan.**

---



Okkar ástkæra

**Erna Pálsdóttir**

Sveinsstöðum,

andaðist í Brákarhlíð, Borgarnesi, föstudaginn 13. október. Útför hennar fer fram frá Borgarneskirkju miðvikudaginn 25. október kl. 15.

**Pétur Valberg Jónsson**
**Einar Páll Pétursson** — **Rósa Konný Jóhannesdóttir**
**Nellý Pétursdóttir**
**Svanhvít Pétursdóttir**
**Helga Pétursdóttir** — **Bjarki Guðbjartsson**
**og ömmubörn.**

---



Ástkær eiginkona, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,

**Sonja Einara Svansdóttir**

Lækjarbrún 1, Hveragerði,

lést sunnudaginn 15. október á Heilbrigðisstofnun Suðurlands. Jarðarförin fer fram frá Hveragerðiskirkju miðvikudaginn 25. október kl. 13.00. Blóm og kransar afþakkaðir en þeim sem vildu minnast hennar er bent á Kattholt.

**Þórir Halldór Óskarsson**
**Ragnheiður Ásta Þórisdóttir**
**Óskar Þórisson** — **Anusorn Bunthan**
**Harpa Þórisdóttir** — **Jón Sigurður Norðkvist**
**barnabörn og barnabarnabarn.**

---



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Guðmundur Eggertsson**

fyrrverandi stýrimaður, bóndi og lögreglumaður,

lést á hjúkrunarheimilinu Skógarbæ mánudaginn 16. október. Útförin fer fram frá Guðríðarkirkju miðvikudaginn 25. október kl. 13.00.

**Eggert Guðmundsson** — **Lilja Guðmundsdóttir**
**G. Pétur Guðmundsson** — **Elísabet H. Pálmadóttir**
**Andrés Guðmundsson** — **Lára B. Helgadóttir**
**Rafn Hilmar Guðmundsson** — **Heiða Rafnsdóttir**
**Guðrún Elvíra Guðmundsdóttir** — **Hilmar Þór Sævarsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

# 30 ára

Við erum 30 ára og höldum upp
á það með 4 daga afmælishátíð

**HELGINA 19. - 22. OKTÓBER**



# ALLT Á AFSLÆTTI!



**30% AFSLÁTTUR**
AF BÚSÁHÖLDUM
OG GJAFAVÖRU

**15% AFSLÁTTUR**
AF RAFTÆKJUM

## byggtogbúið

KRINGLUNNI • SÍMI 568 9400 • BYGGTOGBUID.IS

Með þér í 30 ár!

# AMERÍSKIR DAGAR

## 12.-22. OKTÓBER






**GIRNILEGT ÚRVAL AF FERSKUM TÓMÖTUM OG PAPRÍKU**




Gildir til 22. október á meðan birgðir endast.

BEINT FRÁ USA




**Twinkies**
Ameríka í tveimur bitum.

BEINT FRÁ USA




**Eggo vöfflur**
Eins og úr annarri vídd.




**Pringles tortilla**
Einu sinni smakkað, getur ekki hætt.




**Arizona**
Skolar þorsta, ekki bara í Texas.

BEINT FRÁ USA




**Jimmy´s Nachos**
Með tveimur tegundum af sósum salsa og osta!

BEINT FRÁ USA




**Icebreakers**
Bætir andrúmsloftið.

BEINT FRÁ USA




**Cedar´s hummus**
Gómsætur og bráðhollur hágæða hummus.

BEINT FRÁ USA




**Twizzlers**
Ekta amerískur lakkrís.

24 Hagkaup
**OPIÐ**
allan sólarhringinn
Garðabær, Skeifan,
Spöng & Eiðistorg

# NAUTAAT
# Á AMERÍSKUM DÖGUM

NAUTAAT



TILBOÐ 20% afsláttur á kassa

1.599 kr/kg
Verð áður 1.999.-

## NAUTABRINGA



TILBOÐ 25% afsláttur á kassa

3.749 kr/kg
Verð áður 4.999.-

## NAUTA T-BONE



TILBOÐ 25% afsláttur á kassa

3.749 kr/kg
Verð áður 4.999.-

## RIBEYE



TILBOÐ 20% afsláttur á kassa

1.599 kr/kg
Verð áður 1.999.-

## POT ROAST



TILBOÐ 10% afsláttur á kassa

1.169 kr/kg
Verð áður 1.299.-

## NAUTAKINNAR

BEINT FRÁ USA




**Scratch & Grain**
Auðveldar baksturinn.

BEINT FRÁ USA




**Two bite**
Brownies og kanilsnúðar klikka ekki.




**M&M**
Eitthvað sem allir þekkja.

BEINT FRÁ USA




**Aunt Bessie´s**
Laukhringir og sætar kartöflur ekta amerískt.




**Skittles**
Regnbogi í poka.

BEINT FRÁ USA




**Reese´s**
Í öllu sínu veldi.




**Súkkulaðibarir**
Úrvalið er hjá okkur.

BEINT FRÁ USA




**JT´s ís**
Gómsætar bragðtegundir.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

# VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

## Föstudagur

Suðlæg átt 5-13 m/s og skúrir, en hvassari og samfelld rigning austast á landinu fram yfir hádegi. Hiti 5 til 10 stig. Lægir um kvöldið og styttir upp.







**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 5 | | | 1 | 6 | 3 | |
| | 2 | 1 | | | 5 | 4 | | |
| 3 | 8 | 9 | 2 | | | 1 | | |
| 9 | | | | | 7 | | | 5 |
| | 6 | | | | | 7 | 4 | |
| | 5 | | 3 | 6 | | 8 | 1 | |
| 8 | 7 | | 6 | | | | 2 | |
| 2 | | | | | 3 | | | 4 |
| | 1 | | | | 9 | | 7 | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 9 | | 4 | 2 | | | | 6 |
| | | | 5 | 1 | | 3 | | |
| 1 | 3 | | | 7 | 9 | 2 | | |
| 5 | 2 | | | | 1 | | | |
| 3 | | | 8 | | | 1 | | 7 |
| | | 1 | | | 4 | | 3 | |
| | | 3 | 9 | | | | | |
| 7 | | | | | 5 | 6 | | |
| | | | | | 2 | | 5 | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | 3 | 6 | | | |
| | 8 | 3 | | 9 | | | 2 | 7 |
| | 5 | | 7 | | | 1 | 9 | |
| 6 | | | | | | 4 | | 2 |
| | 9 | | | 5 | | | | |
| 3 | | | | | | 8 | | |
| | | | 9 | | | | | |
| | | | 8 | | 1 | 9 | 6 | |
| 8 | 1 | | | 6 | | | 7 | |

## Krossgáta

**LÁRÉTT**
2. ríki í Mið-Ameríku
6. í röð
8. efni
9. fæða
11. tveir eins
12. hljóðfæri
14. skammt
16. pot
17. knæpa
18. leyfi
20. persónufornafn
21. rógur.

**LÓÐRÉTT**
1. vag
3. stefna
4. trjátegund
5. eyrir
7. klína
10. sigað
13. í viðbót
15. rótartauga
16. skammstöfun
19. svell



**LÁRÉTT:** 2. kúba, 6. jk, 8. tau, 9. ala, 11. rr, 12. gítar, 14. stutt, 16. ot, 17. krá, 18. frí, 20. ég, 21. last.
**LÓÐRÉTT:** 1. kjag, 3. út, 4. barrtré, 5. aur, 7. klístra, 10. att, 13. auk, 15. tága, 16. ofl, 19. ís.

## Skák Gunnar Björnsson

Ernst átti leik gegn Barbero í Lugano árið 1987.
**Svartur á leik.**
**1. … Dd3!** (Eða 1. … Dd1!) **2. Hd7** (2. Dxd3 Bf6#). **2. … Bf6+!**
**3. Dxf6 Dxd7 4. g4 De6 0-1.**
Fyrsta deild Íslandsmóts skákfélaga hófst í gær. Aðrar deildir hefjast í kvöld. Teflt er í Rimaskóla.

**www.skak.is:** Íslandsmót skákfélaga



| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | 7 | 1 | 4 | 8 | 2 | 5 | 9 | 3 |
| 3 | 4 | 2 | 6 | 5 | 9 | 8 | 1 | 7 |
| 5 | 8 | 9 | 7 | 1 | 3 | 2 | 4 | 6 |
| 7 | 6 | 4 | 8 | 9 | 5 | 3 | 2 | 1 |
| 2 | 5 | 8 | 1 | 3 | 7 | 4 | 6 | 9 |
| 9 | 1 | 3 | 2 | 6 | 4 | 7 | 5 | 8 |
| 1 | 9 | 5 | 3 | 4 | 8 | 6 | 7 | 2 |
| 8 | 2 | 6 | 5 | 7 | 1 | 9 | 3 | 4 |
| 4 | 3 | 7 | 9 | 2 | 6 | 1 | 8 | 5 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | 5 | 3 | 8 | 1 | 9 | 4 | 2 | 7 |
| 7 | 8 | 1 | 4 | 2 | 6 | 5 | 9 | 3 |
| 9 | 2 | 4 | 7 | 3 | 5 | 8 | 6 | 1 |
| 8 | 3 | 6 | 5 | 4 | 2 | 1 | 7 | 9 |
| 2 | 4 | 5 | 9 | 7 | 1 | 6 | 3 | 8 |
| 1 | 7 | 9 | 3 | 6 | 8 | 2 | 4 | 5 |
| 3 | 1 | 2 | 6 | 8 | 7 | 9 | 5 | 4 |
| 4 | 9 | 8 | 2 | 5 | 3 | 7 | 1 | 6 |
| 5 | 6 | 7 | 1 | 9 | 4 | 3 | 8 | 2 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 5 | 1 | 6 | 8 | 2 | 4 | 9 | 3 |
| 8 | 6 | 2 | 4 | 9 | 3 | 5 | 7 | 1 |
| 9 | 3 | 4 | 7 | 1 | 5 | 6 | 8 | 2 |
| 1 | 2 | 6 | 8 | 4 | 7 | 3 | 5 | 9 |
| 3 | 7 | 8 | 9 | 5 | 1 | 2 | 4 | 6 |
| 4 | 9 | 5 | 2 | 3 | 6 | 8 | 1 | 7 |
| 5 | 8 | 3 | 1 | 6 | 9 | 7 | 2 | 4 |
| 2 | 4 | 9 | 3 | 7 | 8 | 1 | 6 | 5 |
| 6 | 1 | 7 | 5 | 2 | 4 | 9 | 3 | 8 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.


## FRÉTTABLAÐIÐ er Helgarblaðið

### Sundþjálfarinn misnotaði hana

**Hildur Erla Gísladóttir** var misnotuð af sundþjálfara sínum aðeins sextán ára gömul. Hún glímir enn við afleiðingarnar.



### Kjósendur og kosningaloforð

**Ungir kjósendur** ræða um íslensk stjórnmál og kosningarnar fram undan. Við rýnum einnig í kosningaloforð flokkanna.



### Arkitektúr er pólitík

**Massimo Santanicchia,** dósent í arkitektúr við Listaháskóla Íslands, ræðir um arkitektúr í Reykjavík.

### Nærmynd: Sebastian Kurz

Hver er einn **yngsti leiðtogi heims,** formaður Þjóðarflokksins ÖVP sem vann stórsigur í þingkosningum í Austurríki á dögunum?



**Fréttablaðið – ómissandi hluti af góðri helgi**


## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman










# Hvað? Hvenær? Hvar?
## Föstudagur

hvar@frettabladid.is

## 20. OKTÓBER 2017

### Tónlist

**Hvað?** Bára Gísladóttir: Mass for Some / Útgáfutónleikar
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Mengi, Óðinsgötu
Mass for Some er þriðja plata Báru Gísladóttur en platan hefur að geyma samnefnt verk fyrir kontrabassa, rafhljóð og rödd, innblásið af hinum trúar- og eðlislegu hliðum enska orðsins „mass“. Bára mun leika verkið í heild sinni. 2.500 krónur inn.

**Hvað?** Benny Crespo's Gang & Coral
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Húrra, Naustunum
Rokksveitirnar Benny Crespo's Gang og Coral rísa úr dvala til að halda tónleika.

**Hvað?** Útgáfutónleikar – The Shady
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Stúdentakjallarinn
Hljómsveitin The Shady er að gefa út sína fyrstu plötu sem ber heitið Aren't You That Girl…? Því verður fagnað með veglegum útgáfutónleikum í kvöld.

**Hvað?** Útgáfutónleikar Jónínu Ara
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Harpa
Jónína Ara fagnar útgáfu nýjustu plötunnar sinnar í Hörpunni ásamt fríðu föruneyti tónlistarmanna og kvenna.



Indírokkið lifir enn! Coral og Benny's Crespo Gang snúa aftur á Húrra í kvöld.

### Viðburðir

**Hvað?** Erindi: Ráðgátan ég, einfalda útgáfan
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Lífspekifélagið, Ingólfsstræti
Fjallað um nokkur grundvallarhugtök eins og huga, sál, vitund, tilfinningar og tengsl þar á milli.

**Hvað?** Fullkomlega óheiðarleg – Samsýning tíu myndlistarmanna
**Hvenær?** 10.00
**Hvar?** SÍM salurinn, Hafnarstræti

**Hvað?** Ace Ventura: Pet Detective – föstudagspartísýning
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Bíó Paradís, Hverfisgötu
Gamanmynd sem fjallar um spæjarann Ace Ventura sem sérhæfir sig í að leita að týndum gæludýrum með Jim Carrey í aðalhlutverki.

**Hvað?** Risaeðlurnar eftir Ragnar Bragason – frumsýning
**Hvenær?** 19.30
**Hvar?** Þjóðleikhúsið
Í kvöld frumsýnir Þjóðleikhúsið grátbroslegt og ágengt nýtt verk um litla þjóð í stórum heimi eftir Ragnar Bragason. Listakona og sambýlismaður hennar þiggja hádegisverðarboð íslensku sendiherrahjónanna í Washington. Útverðir lands og þjóðar bjóða upp á þrírétt að úr íslensku hráefni, borið fram af ungri, kínverskri húshjálp. Smám saman kemur í ljós að undir glæsilegu yfirborðinu leynast óþægileg leyndarmál. Í gestahúsi við sendiráðsbústaðinn er sonur hjónanna falinn eins og fjölskylduskömm. Þegar hann gerir sig heimakominn í boðinu fara beinagrindurnar að hrynja úr skápnum ein af annarri.

**Hvað?** Uppistand í Studio 16
**Hvenær?** 22.00
**Hvar?** Studio 16, Keflavík
Fram koma tveir þaulreyndir og heimsvanir grínistar: Helgi Steinar Gunnlaugsson (Edinburgh Fringe Festival, Manchester Comedy Festival, hefur komið fram í Kína og víðar) og Rökkvi Vésteinsson (hefur komið fram á 5 tungumálum í 12 löndum, komist áfram í Great Canadian Laugh off keppninni í Kanada o.fl.).



Ragnar Bragason frumsýnir Risaeðlurnar í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK


Góða skemmtun í bíó









## Í leit að Paradísargarðinum

**BÆKUR**

**Tímagarðurinn**
★★★★☆

**Guðmundur S. Brynjólfsson**

**Útgefandi:** Sæmundur
**Prentun:** CPI, Þýskalandi
**Kápuhönnun:** Aðalsteinn Svanur Sigfússon
**Síðufjöldi:** 266




Tíminn er ekki allur þar sem hann sýnist. Öll upplifum við hann með ólíkum hætti okkar á milli og ekki síður eftir því hvernig okkur líður; hvort við njótum stundarinnar í gleði eða þreyjum þorrann í sorg. Tíminn er illskiljanlegur fjári. „Ég þvældist um í tímanum líkt og ég rásaði um lífið. Eða kannski rásaði ég um tímann með sama hætti og ég þvældist um í lífinu ...“ (Tímagarðurinn, bls. 9) Þessi orð Brynjars, aðalpersónu skáldsögunnar Tímagarðurinn eftir Guðmund S. Brynjólfsson, eru dálítið eins og manifesto höfundar. Verkið, líkt og sögupersónan sem syrgir föður sinn og bróður eftir sjóslys, rásar frjálslega um tímann í leit að einhvers konar innra friði – í leit að sátt.

Friðsælt líf er efalaust helst að finna í garði, okkar eigin garði, í kirkjugarði þeirra sem við syrgjum, eða guðsgarði Paradís og þar liggur þessi skemmtilega tenging höfundar á milli tímans og garðsins. Pilturinn Brynjar er í ofanálag frá bæjarfélaginu Garði og fjölmargar fleiri slíkar vísanir og tengingar og leikir á milli tíma og garðs er einnig að finna í verkinu. Á stundum verða þeir reyndar helst til margar og hefði Guðmundur kannski mátt toga aðeins í skottið á sjálfum sér með að tefla ekki fram svo mörgum vísunum. Lesandinn þarf að geta séð skóginn fyrir trjánum.

Tímagarðurinn er fyrst og fremst þroskasaga Brynjars, römmuð inn í ferðalag. Aðalpersónan Brynjar vaknar í Hveragerði eftir fjörlegt nætursvall og fær föðurbróður sinn, Begga, til þess að koma frá Garði til þess að koma honum heim. Beggi gerir það auðvitað svikalaust en þarf aðeins að koma við annars staðar fyrst og fer svo að þeir aka hringferð um landið, á skemmtilega óræðum tíma, og í hópinn bætist Tóti í tauinu, valinkunnur drykkjumaður og vasaheimspekingur af bestu gerð. Saman fara þeir um landið og á vegi þeirra verður fjölbreytt og skemmtilegt persónugallerí auk þess sem mikið er unnið með persónu móður Brynjars, konu af gamla skólanum, sterka og dugmikla.

Þrátt fyrir fjölda vísana og eilítið óvenjulega innrömmun sögunnar er frásögnin í rauninni einföld og skemmtileg. Sitthvað fyndið og skemmtilegt dillar lesandanum svo lengi sem þess er gætt að taka alla lífsspekina ekki of alvarlega, það er helst til mikið af henni, því hún rennur stöðugt upp úr drykkjumanninum valinkunna og svo hrökkva líka einhverjir molar frá bílakallinum Begga. Það er auðvitað stórmerkilegt að þeir sem hafa virkilega klúðrað lífi sínu frá a til ö séu allra best til þess fallnir að ráðleggja ungum manni um það hvernig því sé best lifað.

En styrkur Tímagarðsins og góðrar stílfimi Guðmundar liggur ekki í skemmtilegheitum. Bestu kaflarnir eru ótvírætt þeir kyrrlátu og einlægu þar sem Brynjar tekst í raun á við sorgina. Þar er allt svo spart og hreint frá höfundi og það er virkilega vel gert. Það gefur til kynna að Tímagarðurinn hefði orðið enn sterkari bók ef aðeins meiri einfaldleiki hefði fengið að ráða. Það breytir því þó ekki að Tímagarðurinn er skemmtileg lesning og vel stundarinnar virði.

**Magnús Guðmundsson**

**NIÐURSTAÐA:** Tímagarðurinn er skemmtilegt tímaferðalag um Ísland með skemmtilegum persónum sem er vel þess virði að kynnast.


Gunnlaugur Blöndal

Listmunauppboð
í Gallerí Fold
mánudaginn 23. október, kl. 18

Forsýning í Gallerí Fold alla helgina
föstudag kl. 10–18, laugardag kl. 11–16,
sunnudag kl. 12–16, mánudag kl. 10–17
Hægt er að skoða uppboðsskrána á myndlist.is

LISTMUNASALA fold
Rauðarárstígur 14 · sími 551 0400 · www.myndlist.is



**„Ég er að vinna bæði með hina ytri mynd og hitt sem ekki má sjást en fólk burðast með þvers og kruss um veröldina, langt frá heimahögum,“ segir Ragnar.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Aftan við framhlið er alltaf bakhlið

**Ragnar Bragason skyggnist bak við tjöldin í heimi utanríkisþjónustunnar og blandar saman kómískum og harmrænum elementum í leikriti sínu Risaeðlunum. Það verður frumsýnt í kvöld á stóra sviði Þjóðleikhússins.**

Gunnþóra Gunnarsdóttir
gun@frettabladid.is



Ungt par kemur til miðdegisverðar til sendiherrahjóna einn þriðjudag í október, það eru myndlistarkona sem tekur þátt í samsýningu í borginni og sambýlismaður hennar. Verkið fjallar um atburði sem verða þann seinnipart dags. Þar spyrði ég saman ný gildi og gömul, kynslóðabilið og kynjahlutverkin.“ Þannig lýsir Ragnar Bragason í stuttu máli efni leikritsins Risaeðlurnar sem hann er höfundur og leikstjóri að og verður frumsýnt í kvöld í Þjóðleikhúsinu.

„Við vorum með áhorfendur í salnum í fyrsta skipti á þriðjudagskvöld og fengum góð viðbrögð. Það er nauðsynlegt að gera það tímanlega fyrir frumsýningu þannig að hægt sé að hindra að texti eða einhverjar upplýsingar týnist vegna hláturs gesta,“ segir Ragnar og upplýsir að Risaeðlurnar séu grátbroslegt verk. „Það er dálítið í anda þess sem ég hef gert áður. Ég virðist fastur í því að blanda hinum kómísku og harmrænu elementum saman þannig að viðbrögðin verði hlátur og grátur í bland. Maður leggur oft upp með að ætla að gera einhverja hluti en ósjálfrátt detta svo í eitthvert form sem hentar manni. Maður brýst ekki gegn eigin eðli.“

### Það síðasta í þríleik

Risaeðlurnar eru þriðja leikrit Ragnars sem fer á svið. Þau fyrri voru sýnd í Borgarleikhúsinu, Gullregn 2012 og Óskasteinar 2014. „Þessi þrjú verk, voru strax hugsuð hjá mér sem þríleikur og eru öll í svipuðum tón þó ég stígi eitt skref til vinstri í þessu. Svo er einn leikari sem er í öllum þremur verkunum, hann Hallgrímur Ólafsson, sem leikur þrjár útgáfur af sama manninum, sá elur þann draum í brjósti að lifa eðlilegu fjölskyldulífi.“

Ragnar hafði haslað sér völl sem kvikmyndaleikstjóri þegar Magnús Geir Þórðarson, þá Borgarleikhússtjóri, stakk upp á að hann ynni fyrir leikhúsið. „Ég þráaðist við í tvö ár áður en það varð að veruleika en þegar ég fór af stað var ég með þrjár hugmyndir, sem höfðu safnast upp í bankanum vegna þess að þær höfðu, við fyrstu sýn, ekki passað inn í kvikmyndamiðilinn. Bæði Óskasteinar og Risaeðlurnar gerast á einum stað á skömmum tíma. Ég sá strax að þær hugmyndir mundu henta í leikhús. Gullregn gerist á lengri tíma og ég er búinn að skrifa af því kvikmyndaútgáfu, því þar er hægt að fara víðar um völl. En ég var kominn lengst með það þegar vinnan í Borgarleikhúsinu hófst og því fór það fyrst á svið.“

### Úr íslenskum afkimum

Öll leikverkin hans Ragnars eru úr íslenskum afkimum. Þar er gægst inn í heima sem almenningur þekkir ekki – nú í utanríkisþjónustunni. „Áhugi minn á fólkinu í utanríkisþjónustunni kviknaði þegar ég var reglulegur gestur í sendiráðum eða sendiráðsbústöðum í tengslum við Vesturportssýningum. Ég er alltaf galopinn fyrir áhrifum, tem mér forvitni um manneskjuna og er alltaf að velta fyrir mér af hverju aðstæður eru eins og þær eru. Svo fór ég í talsverða rannsóknarvinnu og tók nokkur viðtöl við fólk sem hafði reynslu úr þessum heimi,“ segir Ragnar og heldur áfram:

„Þarna er fólk í opinberri stöðu, útverðir þjóðarinnar á erlendri grundu sem er stöðugt að kynna ákveðna hluti. Hugmyndin um Ísland verður að 17. júní þjóðernisrómantík alla daga. Íslensk utanríkisþjónusta er á engan hátt frábrugðin utanríkisþjónustu annarra landa, þar er birt glansmynd og þar gildir ákveðinn prótókollur. En aftan við framhlið er alltaf bakhlið. Ég er að vinna bæði með hina ytri mynd og hitt sem ekki má sjást en fólk burðast með þvers og kruss um veröldina, langt frá heimahögum. Í Risaeðlunum kemur í ljós að í gestahúsi á baklóð sendiráðsbústaðarins, sem er í fínasta hverfi borgarinnar, er fjölskylduskömmin í felum, sonur sendiherrahjónanna, sem á eftir að dúkka upp, óboðinn, í partíið með ófyrirsjáanlegum afleiðingum.“

Ætli við segjum nokkuð meira?

„Nei, fólk verður að sjá afleiðingarnar og fá að brosa gegnum tárin.“

# BETRA ER HEILT EN VEL GRÓIÐ



Kalk við hæfi alla ævi!

## Vel þjálfaðir vöðvar þurfa sterk bein.

Beinin eru lifandi vefur sem er alltaf í endurnýjun og þurfa bæði næringu og áreynslu til að haldast heilbrigð.

Hreyfing, kalk og D-vítamín skila þér sterkari beinum og hraustari líkama.

1997-2017

20

BEINVERND

# PIZZUVEISLAN BYRJAR Í BÓNUS




**198** kr. 400 g

**Wewalka Pizzadeig**
Ferskt, 400 g




**98** kr. 125 g

**Kjarnafæði Pizzuskinka**
125 g




**198** kr. 100 g

**Pepperoni**
Danskt, 100 g




**198** kr. 75 g

**Bónus Klettasalat**
75 g




**398** kr. 100 g

**Ítölsk Þurrskinka**
100 g




**59** kr. 400 g

**Tómatar**
400 g, 2 tegundir




**298** kr. 350 g

**ES Salamipizza**
Frosin, 350 g




**198** kr. 300 g

**ES Ostapizza**
Frosin, 300 g

## BÓNUS Smáratorgi

Höfum opnað endurbætta og stærri verslun við **Smáratorg**








## Rýmri opnunartími

aðeins í Bónus Smáratorgi

Mánudaga - Fimmtudaga
**10:00 - 19:00**

Föstudaga - Laugardaga
**10:00 - 19:30**

Sunnudaga
**11:00 - 18:00**

Verð gildir til og með **22. október** eða meðan birgðir endast.




**Opnunartími í Bónus:** Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:30 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 12:00-18:00
**Bónus Smáratorgi:** Mánudaga-Fimmtudaga; 10:00-19:00 • Föstudaga-Laugardaga; 10:00-19:30 • Sunnudaga; 11:00-18:00



MADAME BOVARY
KL. 20:25
Dramatísk mynd um bóndadótturina Emmu Rouault sem giftist lækninum Charles Bovary til að losna undan sveitalífinu og í von um að lifa rómantísku og hamingjuríku lífi yfirstéttarfólksins. Sagan um frú Bovary eftir rithöfundinn Gustave Flaubert er sígilt meistaraverk.

Frábært
**Föstudagskvöld**

Fáðu þér áskrift á **365.is**



THE X-FACTOR UK
KL.19:25
Sprellfjörug sería af einum vinsælasta skemmtiþætti veraldar þar sem efnilegir söngvarar fá tækifæri til að slá í gegn. Simon Cowell fer fyrir dómnefndinni ásamt fríðu föruneyti.

ESTRANGED
KL. 22:20
Spennutryllir um unga konu sem lenti í lífshættulegu slysi og er nú bundin við hjólastól. Þegar hún kemur aftur heim til fjölskyldu sinnar er lífið ekki samt og áður.



THE LAST WITCH HUNTER
KL. 22:00
Mögnuð ævintýramynd um nornabanann Kaulder með Vin Diesel, Elijah Wood, Rose Leslie og Ólafi Darra í aðalhlutverkum.



SIX FEET UNDER
KL. 21:05
Þessir margverðlaunuðu þættir fjalla um undarlegt líf Fisher-fjölskyldunnar sem rekur útfararþjónustu á heimili sínu og umræðuefnin geta orðið ansi skrautleg.



**Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum á aðeins 333 kr. á dag.**

**365.is**




# DAGSKRÁ

# Föstudagur

## STÖÐ 2

**07.00 Simpson-fjölskyldan**
**07.25 Tommi og Jenni**
**07.45 Kalli kanína og félagar**
**08.05 The Middle**
**08.30 Pretty Little Liars**
**09.15 Bold and the Beautiful**
**09.35 Doctors**
**10.20 The New Girl**
**10.45 Veep**
**11.15 Í eldhúsinu hennar Evu**
**11.40 Heimsókn**
**12.05 Leitin að upprunanum**
**12.35 Nágrannar**
**13.00 My Big Fat Greek Wedding 2**
**14.35 A Royal Night Out**
**16.15 Absolutely Anything**
**17.40 Bold and the Beautiful**
**18.05 Nágrannar**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.55 Ísland í dag**
**19.10 Sportpakkinn**
**19.20 Fréttayfirlit og veður**
**19.25 The X Factor 2017** Einn vinsælasti skemmtiþáttur veraldar þar sem efnilegir söngvarar fá tækifæri til að slá í gegn. Simon Cowell fer fyrir dómnefndinni en með honum við dómaraborðið situr söngkonan Cheryl Cole, fjölhæfa listakonan Nicole Scherzinger, hinn kunni umboðsmaður Louis Walsh, en hann er sá sem stofnaði strákabandið Boyzone, og að lokum sjálf Sharon Osbourne.
**20.25 Madame Bovary**
**22.20 Estranged**
**23.50 The Lord of the Rings: The Return of the King** Þriðji og síðasti hluti þríleiksins um Hringadróttinssögu er sannkallað stórvirki. Verðugur lokapunktur á einum farsælasta þríleik kvikmyndasögunnar. Myndin vann til hvorki fleiri né færri en ellefu Óskarsverðlauna 2004 og var m.a. valin besta kvikmyndin. Nýsjálendingurinn Peter Jackson, maðurinn á bak við þetta mikla kvikmyndaverk, fékk og réttilega þrenn Óskarsverðlaun sem besti leikstjórinn, framleiðandinn og handritshöfundurinn.
**03.05 Ninja: Shadow of a Tear**
**04.40 Absolutely Anything**
**06.05 The Middle**

## STÖÐ 2 SPORT

**07.10 Crvena Zvezda - Arsenal**
**08.50 Everton - Lyon**
**10.30 Nice - Lazio**
**12.10 AC Milan - AEK**
**13.50 Afturelding - Haukar**
**15.10 Seinni bylgjan**
**16.35 Höttur - Valur**
**18.15 1 á 1**
**18.55 Evrópudeildarmörkin**
**19.45 Njarðvík - Stjarnan**
**22.00 Domino's-körfuboltakvöld**
**23.40 Milwaukee Bucks - Cleveland Cavaliers**
**02.00 Bundesliga Weekly**
**02.30 Premier League Preview**

## STÖÐ 2 SPORT 2

**07.25 Höttur - Valur**
**09.05 Apoel - Borussia Dortmund**
**10.45 Maribor - Liverpool**
**12.25 Meistaradeildarmörkin**
**13.00 Haukar - Selfoss**
**14.15 Valur - ÍBV**
**15.40 NFL Gameday**
**16.10 Everton - Lyon**
**17.50 Premier League World**
**18.20 PL Match Pack**
**18.50 West Ham - Brighton**
**21.00 Premier League Preview**
**21.30 La Liga Report**
**22.00 Evrópudeildarmörkin**
**22.50 NBA - Wilt 100**
**23.40 Njarðvík - Stjarnan**
**01.20 Domino's-körfuboltakvöld**

## STÖÐ 3

**17.20 The New Girl**
**17.45 The New Adventures of Old Christine**
**18.10 The League**
**18.35 Modern Family**
**19.00 Seinfeld**
**19.25 Friends**
**19.50 First Dates**
**20.40 It's Always Sunny in Philadelphia**
**21.05 Six Feet Under**
**22.05 Eastbound & Down**
**22.35 Entourage**
**23.05 Significant Mother**
**23.30 Smallville**
**00.15 Modern Family**
**00.40 Friends**
**01.05 Seinfeld**
**01.30 Flash**
**06.00 Tónlist**

## STÖÐ 2 KRAKKAR

**07.00 Könnuðurinn Dóra**
**07.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar**
**07.47 Doddi litli og Eyrnastór**
**08.00 Áfram Diego, áfram!**
**08.24 Svampur Sveinsson**
**08.49 Lalli**
**08.55 Rasmus Klumpur og félagar**
**09.00 Strumparnir**
**09.25 Ævintýraferðin**
**09.37 Hvellur keppnisbíll**
**09.49 Gulla og grænjaxlarnir**
**10.00 K3 (5/52)**
**10.13 Nilli Hólmgeirsson**
**10.27 Tindur**
**10.38 Mæja býfluga**
**10.47 Stóri og litli**
**11.00 Könnuðurinn Dóra**
**11.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar**
**11.47 Doddi litli og Eyrnastór**
**12.00 Áfram Diego, áfram!**
**12.24 Svampur Sveinsson**
**12.49 Lalli**
**12.55 Rasmus Klumpur og félagar**
**13.00 Strumparnir**
**13.25 Ævintýraferðin**
**13.37 Hvellur keppnisbíll**
**13.49 Gulla og grænjaxlarnir**
**14.00 K3 (5/52)**
**14.13 Nilli Hólmgeirsson**
**14.27 Tindur**
**14.38 Mæja býfluga**
**14.47 Stóri og litli**
**15.00 Könnuðurinn Dóra**
**15.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar**
**15.47 Doddi litli og Eyrnastór**
**16.00 Áfram Diego, áfram!**
**16.24 Svampur Sveinsson**
**16.49 Lalli**
**16.55 Rasmus Klumpur og félagar**
**17.00 Strumparnir**
**17.25 Ævintýraferðin**
**17.37 Hvellur keppnisbíll**
**17.49 Gulla og grænjaxlarnir**
**18.00 K3 (5/52)**
**18.13 Nilli Hólmgeirsson**
**18.27 Tindur**
**18.38 Mæja býfluga**
**18.47 Stóri og litli**
**19.00 Skósveinarnir**

## GOLFSTÖÐIN

**08.00 Golfing World 2017**
**08.50 Inside the PGA Tour 2017**
**09.15 The CJ Cup @ Nine Bridges**
**13.15 Champions Tour Highlights 2017**
**14.10 Swinging Skirts LPGA Taiwan Championship**
**18.10 Italian Open**
**21.35 Inside the PGA Tour 2017**
**22.00 The CJ Cup @ Nine Bridges**
**02.00 The CJ Cup @ Nine Bridges**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**10.15 A Little Chaos**
**12.10 Longest Ride**
**14.15 Eternal Sunshine of the Spotless Mind**
**16.00 A Little Chaos**
**18.00 Longest Ride**
**20.10 Eternal Sunshine of the Spotless Mind** Rómantísk mynd með dramatísku ívafi frá 2004 með Jim Carrey og Kate Winslet. Joel Barish er niðurbrotinn eftir að hann kemst að því að kærastan hans, Clementine, fór í aðgerð til að láta eyða öllum minningum um hann úr minni sínu. Hann ákveður því að gera það sama. En þegar hann horfir á minningar sínar hverfa, þá áttar hann sig á því að hann elskar hana ennþá, og hugsanlega er hann orðinn of seinn að leiðrétta mistökin. Með önnur hlutverk fara Kirsten Dunst, Mark Ruffalo, Elijah Wood og Tom Wilkinson.
**22.00 The Last Witch Hunter**
**23.50 Point Break**
**01.45 Seal Team Six: The Raid on Osa**
**03.25 The Last Witch Hunter**
**06.25 Housesitter**

## RÚV

**13.30 Þýskaland - Ísland**
**16.00 Sannleikurinn um heilsufæði**
**16.55 Alþingiskosningar 2017: Forystusætið**
**17.20 Landinn**
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 KrakkaRÚV**
**18.01 Froskur og vinir hans**
**18.05 Kattalíf**
**19.00 Fréttir**
**19.25 Íþróttir**
**19.30 Veður**
**19.35 Best í Brooklyn**
**20.00 Útsvar**
**21.20 Vikan með Gísla Marteini**
**22.05 Barnaby ræður gátuna**
**23.40 American Pie**
**01.10 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## SJÓNVARP SÍMANS

**06.00 Síminn + Spotify**
**08.00 Everybody Loves Raymond**
**08.25 Dr. Phil**
**09.05 90210**
**09.50 Royal Pains**
**10.35 The Voice USA**
**11.20 Síminn + Spotify**
**13.00 Dr. Phil**
**13.40 America's Funniest Home Videos**
**14.05 The Biggest Loser - Ísland**
**15.05 Heartbeat**
**15.50 Glee**
**16.35 Everybody Loves Raymond**
**17.00 King of Queens**
**17.25 How I Met Your Mother**
**17.50 Dr. Phil**
**18.30 The Tonight Show starring Jimmy Fallon**
**19.10 Family Guy**
**19.30 The Voice USA**
**21.00 Star Wars. Episode I - The Phantom Menace**
**23.20 The Tonight Show starring Jimmy Fallon**
**00.00 Prison Break**
**00.45 Heroes Reborn**
**01.30 Penny Dreadful**
**02.15 Quantico**
**03.00 Shades of Blue**
**03.45 Mr. Robot**
**04.30 Intelligence**
**05.20 House of Lies**
**05.50 Síminn + Spotify**

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin




HEFST MÁNUDAGINN 23. OKTÓBER
KLUKKAN 19:25

# Um **land allt**

**Kristján Már Unnarsson** ferðast vítt og breitt um landið, heilsar upp á fólk í leik og starfi og heyrir þau sjónarmið sem helst brenna á fólki í ólíkum byggðum.

MARGFALT SKEMMTILEGRI

365.is | 1817

# Herratrend vetrarins



Þá er kominn tími til að kíkja á herratískuna í vetur en að venju er margt og mikið að gerast í tískuheiminum þegar kemur að körlunum. Glamour ákvað því að taka saman fimm topp trend fyrir herra sem vert er að skoða betur.



## Reimaðir skór

Nú er kominn tími til að huga að fótabúnaði vetrarins sem heldur veðri og vindi. Skó- og buxnatíska haldast yfirleitt í hendur og nú þegar skálmarnar eru beinar og ökklasíðar er flott að vera í reimuðum leðurskóm sem ná upp á ökklann.

## Hettupeysur við allt

Hettupeysurnar eru komnar til að vera. Hversdagsflík sem passar við hvað sem er og þægileg í þokkabót. Verslanir landsins eru fullar af alls konar útgáfum af þessari flík svo það er um að gera að fjárfesta í einni góðri fyrir veturinn.



## Prjónapeysur

Hér er trend sem við getum öll verið sammála um að passi inn í íslenskan vetur. Prjónapeysur eiga alltaf við – yfir skyrtur, undir jakkafötin og við gallabuxurnar. Jarðlitirnir eru að koma sterkir inn svo það er gott að hafa það í huga.



## Beinar gallabuxur

Já, nú fagna eflaust einhverjir en samkvæmt tískuspekingum fara buxnaskálmarnar nú víkkandi fyrir herrana. Beinar skálmar skulu það vera í ár og ekki skemmir fyrir að vera með örlítið uppábrot.



## Ullarfrakki

Yfirhafnir eru alltaf nauðsynlegar yfir vetrartímann og engin undantekning núna. Nú er herrafrakkinn að koma sterkur inn, millisíður, víður eða klæðskerasniðinn. Það er um að gera að nota frakkann yfir hettupeysuna og íþróttabuxurnar – enda fátt meira í tísku núna en að blanda saman hversdagsfatnaði við fínan.

GLAMOUR
Farðu inn á Glamour.is og fáðu daglegar fréttir úr heimi hönnunar, lífsstíls og tísku.
• Facebook • Instagram • Twitter

markhönnun ehf

# nettó

www.netto.is  Á NETINU

# VERÐ SPRENGJUR!

ÍSFUGL



**KALKÚNAGRILLSNEIÐAR**
ÍSFUGL. FERSKT.
**1.199 KR/KG**
~~ÁÐUR: 2.398 KR/KG~~
-50%

ÍSFUGL



**KALKÚNALEGGIR**
LAUSFRYSTIR
**296 KR/KG**
~~ÁÐUR: 898 KR/KG~~
-67%

GOÐI







**NETTÓ BJÚGU**
6 STK.
**539 KR/PK**
~~ÁÐUR: 899 KR/PK~~
-40%

**SVIÐALAPPIR**
GOÐI
**798 KR/KG**
~~ÁÐUR: 998 KR/KG~~
-20%

**GRÍSAHNAKKASNEIÐAR**
NEW YORK
**1.399 KR/KG**
KJARNAFÆÐI
~~ÁÐUR: 1.998 KR/KG~~
-30%



**ANDABRINGUR**
FRANSKAR
**2.488 KR/KG**
~~ÁÐUR: 2.998 KR/KG~~



**ANANAS**
GOLD DEL MONTE
**179 KR/KG**
~~ÁÐUR: 358 KR/KG~~
-50%




**JAFFA GOLD SAFI 1L**
APPELSÍNU/ EPLA/ TROPICAL/TRÖNUBERJA
**119 KR/STK**
~~ÁÐUR: 149 KR/STK~~
-20%

*Verslaðu jólanammið tímanlega!*

**CELEBRATIONS**
680 GR. DÓS.
**1.698 KR/PK**
~~ÁÐUR: 1.998 KR/PK~~







**AFTER EIGHT**
300 GR.
**319 KR/PK**
~~ÁÐUR: 389 KR/PK~~

**KINDER EGG**
3 STK
**299 KR/PK**
~~ÁÐUR: 398 KR/PK~~
-25%




**Tilboðin gilda 19. - 22. október 2017 www.netto.is**

Tilboðin gilda meðan birgðir endast • Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl • Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

Búðakór • Grandi • Mjódd • Salavegur • Hafnarfjörður • Hrísalundur • Glerártorg • Húsavík • Höfn • Iðavellir • Grindavík • Krossmói • Borgarnes • Ísafjörður • Egilsstaðir • Selfoss








## Föstudags-playlisti Lífsins

## Cell 7

RAPPARI

Það er rappgoðsögnin hún Ragna Cell 7 sjálf sem sér um föstudagsplaylistann að þessu sinni. Ef hlustað er á listann í réttri röð er hann hin besta uppskrift að nokkuð fjörugu föstudagskvöldi.

Föstudagsplaylista Lífsins má einnig finna á Spotify undir notandanafninu Visir.

PLAY FOLLOW

| LAG | FLYTJANDI |
|---|---|
| Mjóddin | Moses Hightower |
| Get MuNNY | Erykah Badu |
| Free Lunch | Isaiah Rashad |
| Get Away | The Internet |
| Suede | NxWorries |
| Am I Wrong | Anderson .Paak, SchoolBoy Q |
| REDMERCEDES | Aminé |
| IV. sweatpants | Childish Gambino |
| Collard Greens | ScHoolboy Q, Kendrick Lamar |
| Love | DEAN, Syd |



Ritstjóra verkefnisins sem Íris tók þátt í fannst hún fanga hljóða stund sonar síns einstaklega vel. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Fangaði hljóða stund og athygli ritstjóra

Ljósmyndarinn **Íris Bergmann** sendi nýlega inn mynd á vefsíðu National Geographic sem endaði sem ein af 30 myndum sem ritstjóri síðunnar valdi sérstaklega. Myndin gæti birst í blaðinu sjálfu.

National Geographic gefur út ákveðin verkefni sem ég hef verið að taka þátt í. Ég hef verið að fá dálítið af kommentum á myndirnar og ritstjórarnir hafa verið að „favorite-merkja“ þær. Nýlega var birt ein mynd eftir mig í svokölluðu „story“ sem birtist á síðunni þeirra,“ segir Íris Bergmann ljósmyndari en mynd frá henni var valin til birtingar á vefsíðu National Geographic nú á dögunum. Hún var í hópi 30 mynda sem voru valdar en heildarfjöldi innsendra mynda var um 21.000 stykki, hvorki meira né minna. Þetta þýðir líka að myndin hennar Írisar gæti ratað á síður National Geographic.

„Ritstjórar á blaðinu búa til verkefni sem eru með ákveðin konsept – þetta hét t.d. „Quiet moments“. Þeir senda út alls konar upplýsingar um hvað þeir vilja sjá. Það er hægt að senda þrjár myndir inn í hvert verkefni og svo velja þeir eftir því hvernig myndin talar til þeirra. Ég hef tekið þátt í a.m.k. þremur verkefnum og þeir hafa gefið mér „favorite“ og sagt eitthvað um myndirnar – það finnst mér rosalega gaman. Ég hef fylgst með þessu blaði síðan ég var krakki þannig að þetta er mjög stórt.“

**ÉG ER MJÖG MIKIÐ AÐ TAKA MYNDIR AF STRÁKNUM MÍNUM OG BÖRNUNUM MÍNUM, ÞAÐ ER ROSALEGA GAMAN FYRIR SVONA KONU ÚTI Í BÆ AÐ FÁ VIÐURKENNINGU FYRIR ÞAÐ.**

Mynd Írisar sýnir son hennar við borð að leika sér að taflborði. David Y. Lee, einn ritstjóra blaðsins, segir meðal annars um myndina að hún fangi vel hversu einbeittur drengurinn er og það að hann sé að læra að tefla í stað þess að leika sér í tölvu eða að horfa á sjónvarpið. Honum finnst ákvörðunin um að hafa myndina svarthvíta góð, enda undirstriki það hversu hljótt augnablikið er og að víður ramminn komi því vel á framfæri að hann sé þarna einn með taflborðinu.

„Ég er mjög mikið að taka myndir af stráknum mínum og börnunum mínum, það er rosalega gaman fyrir svona konu úti í bæ að fá viðurkenningu fyrir það. Ég fékk líka póst bara núna í morgun þar sem mér var tjáð að myndin væri orðin „most favorite“ af öllum 30 myndunum. Núna sést hún mjög vel á síðunni.“

Þetta var þó ekki í fyrsta skiptið sem ritstjórn vefsíðu National Geographic er hrifin af ljósmyndum Írisar því að mynd eftir hana var einnig valin sem ein af 12 bestu innsendu myndunum þann 14. mars síðastliðinn.

„Þá var það bara mynd sem var ekkert í neitt sérstakt verkefni, þá fer hún í svona daglegt val, kallað „Daily Dozen“ – þá eru 12 myndir valdar á hverjum degi. Það koma svona 7-10 þúsund myndir á dag. Þetta var mynd sem ég tók út um gluggann og hún fangaði augnablikið, það var það sem greip þann ritstjóra.“

Mynd Írisar má finna inn á yourshot-hluta vefsíðu National Geographic. **stefanthor@frettabladid.is**

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Svanur Valgeirsson *svanur@365.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@365.is*, Hafsteinn Hafsteinsson *hafsteinn@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@365.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.*bergmann@365.is*, Jóhann Waage *johannwaage@365.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@365.is*, Ólafur H. Hákonarson *olafurh@365.is*, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir *solveig@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*



theater mogul
kynnir
SÍÐUSTU SÝNINGAR Í REYKJAVÍK Á ÞESSU ÁRI
„Mér er illt í maganum eftir allan þennan hlátur"
„Hef ekki hlegið svona mikið í langan tíma"
„Salurinn EMJAÐI úr hlátri"
HELLISBÚINN
Leikari: Jóel Sæmundsson
Leikstjórn: Emma Peirson
~~20.Október~~ - UPPSELT
16.Nóvember - Örfá sæti laus
~~17.Nóvember~~ - UPPSELT
Miðasala á Miði.is

FRÉTTABLAÐIÐ
Við segjum fréttir Smáauglýsingasíminn og skiptiborð 512 5000 Vísir
Ritstjórn 512 5200 Fax: 512 5301 ritstjorn@frettabladid.is Auglýsingadeild auglysingar@frettabladid.is Prentun Ísafoldarprentsmiðja

ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VÍÐSVEGAR UM LANDIÐ.
Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.
FRÉTTABLAÐIÐ mest lesna dagblað landsins.

Póstdreifing Dreifing dreifing@postdreifing.is
Ef blaðið berst ekki 800 1177

BAKÞANKAR

Þórarins Þórarinssonar



# Leiðrétting

Hætt er við að alþingiskosningarnar eftir rúma viku verði hið mesta feigðarflan þar sem mannvalið á þingi hefur einhvern veginn orðið stöðugt galnara með hverjum kosningum frá hruni.

Þau sem sitja nú á þingi eru í raun búin að vera í árslöngu atvinnuviðtali og nú er komið að því að ganga frá fastráðningunni. Eða ekki. Bömmer fyrir þau hversu stutt þetta var.

En gott fyrir okkur að fá tækifæri til að leiðrétta atkvæðin okkar frá því í fyrra og því miður þurfum við að reka ansi marga. Þar sem ég er óháður öllum flokkum ætla ég að leyfa mér að mæla með endurráðningu eftirfarandi:

Gunnar Hrafn Jónsson er drengur góður og öflugur málsvari okkar sem glímum við andleg veikindi.

Þórhildur Sunna Ævarsdóttir er stjarna þessa stutta þings. Orðin ómissandi. Einörð, heiðarleg og ekta.

Kolbeinn Óttarsson Proppé er málglaður og gegnheill kommi. Framlag slikra ætti aldrei að vanmeta.

Lilja Alfreðsdóttir gnæfir yfir meðalmennskunni í Framsóknarflokknum. Klár, yfirveguð og töff.

Logi Einarsson, sprelligosi Samfylkingarinnar, hefur komið skemmtilega á óvart. Höldum honum.

Unnur Brá Konráðsdóttir hefur vaxið mjög sem forseti Alþingis og á skilið að fá annan séns.

Brynjari Níelssyni verðum við svo að halda. Mikilvægt að hafa einn svona háðskan tröllkall sem lætur allt flakka og tryllir lýðinn.

Vera Bjartrar framtíðar og Viðreisnar í andlausustu ríkisstjórn lýðveldissögunnar er síðan ígildi uppsagnar sem rétt er að taka gilda.

Vandið ykkur svo við að kjósa. Ekkert víst að við fáum að leiðrétta þessar kosningar eftir ár.

OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN Í ICELAND ENGIHJALLA, VESTURBERGI, ARNARBAKKA, GLÆSIBÆ OG STAÐARBERGI
OPIÐ 24 TÍMA
Iceland

HUMAR
3.900 kr.kg
STÆRÐ 30/40
Fiskikóngurinn
Sogavegi 3
Höfðabakka 1

STILLANLEG RÚM • HEILSURÚM OG -DÝNUR • GAFLAR • SÆNGUR • KODDAR • SVEFNSÓFAR • STÓLAR • SÆNGURFÖT, O.FL.



RÝMUM FYRIR NÝJUM VÖRUM

Seljum í stuttan tíma eldri gerðir af rúmum og öðrum vörum með veglegum afslætti í verslun okkar í Faxafeni.

Við erum að taka inn mikið magn af nýjum vörum og rýmum til með því að selja eldri gerðir og sýningareintök með veglegum afslætti.

RÝMINGARSALA
25-50%
AFSLÁTTUR
EKKI MISSA AF ÞESSU

STILLANLEG RÚM



HEILSURÚM OG RÚMGAFLAR



SVEFNSÓFAR



FAXAFENI 5 Reykjavík 588 8477
DALSBRAUT 1 Akureyri 588 1100
SKEIÐI 1 Ísafirði 456 4566
AFGREIÐSLUTÍMI Mán.–fös. 10–18 | Lau. 11–16 www.betrabak.is
Betra BAK